



Stöðuskýrsla fjölskyldusviðs

Tímabilið 1. janúar 2023
til 31. desember 2025



Efnisyfirlit

Inngangur 2

**Stefnumótandi áherslur
fjölskyldusviðs 2**

Fræðslumál 4

Leikskólar 4

Próunarverkefni leikskólanna í Árborg á
skólaárinu 2023-2024 4
Árbær 5
Goðheimar 6
Hulduheimar 6
Jötunheimar 7
Strandheimar 7

Grunnskólar 8

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri 8
Stekkjaskóli 8
Sunnulækjarskóli 10
Vallaskóli 10

Skólapijónusta 11

Velferðarpijónusta 12

Staðan og yfirlit 12
Barnateymi og fjölskylduþjónusta 12
Mál í samþættri þjónustu/farsæld árið 2025 hjá
Sveitarfélaginu Árborg 13
Barnavernd 14
Fullorðinsteymi og þjónusta við fullorðna 15
Félagsleg stuðningsþjónusta 16
Árblik og Vinaminni 16
Viss 17
Vallholt 27 17
Vallholt 9 17
Vallholt 12-14 17
Nauthagi 2 18
Heimilið Birkihólar 18
Birkihólar 16 18
Þróun í velferðarpijónustu 19

Frístundaþjónusta 21

Frístundaheimili Árborgar 21
Ungmennahúsið Pakkhúsið 23
Zelsíuz 23
Ungmennaráð Árborgar 24
Vinnuskólinn 25

Stefnumarkandi verkefni 26

Menntastefna Árborgar -
Vegur til visku og velferðar 26
Læsisstefna Árborgar - Læsi til lífs og leiks 26
Frumkvöðlasveitarfélag - Farsæld barna 26
8-viti æskunnar 27
Fræðslukvöld 28
Forvarnarverkefni 28
Fræðsla 28

Ýmis þverfagleg verkefni 28

Elja virkniráðgjöf 29
Hinsegin vika Árborgar 29
Exið 30
Flexið 30
Alþjóðaverkefni/ Erasmus+ 30
Sjálfbóðaliðar 31
Fræðsludagar fjölskyldusviðs Árborgar
2023-2025 31
Fjölmennig 31

Viðurkenningar og verðlaun

2023-2025 33

Heimsóknir ráðherra 33

Inngangur


Fjölskyldusvið var stofnað í núverandi mynd árið 2019 þar sem sameinuð voru undir eitt sviði öll fræðslumál, frístundamál og velferðarmál. Sviðið spannar um 81% af rekstri A-hluta í fjárhagsáætlun árið 2026 og í lok árs 2025 voru 768 stöðugildi á fjölskyldusviði með 1048 starfsmenn. Sviðið hefur verið að mótast og hefur samvinna þvert á stofnanir aukist og gott dæmi um það er að fleiri verkferlar eru orðnir sameiginlegir þvert á stofnanir. Mikil áhersla hefur verið á að starfsfólk Árborgar sé ein heild við úrlausn mála og hefur áherslan undanfarið ár verið á að endurverkja lærdómssamfélagið eftir að sú vinna var sett til hliðar í gegnum heimsfaraldurinn. Stöðuskýrslan nær til síðustu þriggja ára og er sett fram sem heimildarrit fyrir þróun og starfsemina á árunum


2023-2025. Mikilvægt er að varðveita þær breytingar og þá þróun sem voru á þessum árum á jafn viðamiklu sviði og fjölskyldusvið er. Stöðuskýrslan er sett fram sem upplýsingarit fyrir starfsfólk, pólitískt kjörna fulltrúa og íbúa sveitarfélagsins. Ýmsar áskoranir voru á þessum árum en við lok heimsfaraldurs tók við krafa um hagræðingu vegna bágrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Við þann niðurskurð sem sveitarfélagið gekk í gegnum var unnið að því að verja grunnþjónustuna. Þjónusta var dregin saman sérstaklega á árunum 2023 og 2024 en smám saman hefur þjónustan verið aukin á ný eftir því sem fjárhagsstaðan hefur orðið betri. Stöðuskýrslan var unnin af stjórnendum og starfsfólki á fjölskyldusviði.

Stefnumótandi áherslur fjölskyldusviðs

Á fjölskyldusviði er leitast við að veita öflug, samþætta og þverfaglega þjónustu fyrir alla íbúa sveitarfélagsins. Helstu áherslur eru snemmtækur stuðningur og lausnamiðuð nálgun í allri starfsemi. Lögð hefur verið áhersla á að tryggja farsæld barna í sveitarfélaginu og árið 2025 hófst innleiðing 8-vita æskunnar sem hluti af innleiðingu farsældar. Sett hefur verið í forgang að efla teymisvinnu, endurverkja lærdómssamfélagið og stuðla að sífellri þróun þjónustu og úrræða íbúum til hagsbóta. Áhersla hefur verið á góða vinnustaðamenningu og vellíðan starfsfólks með aukinni fræðslu og stuðningi. Sífelld er unnið að bæta verklag innan stofnana og þvert á stofnanir með það að markmiði að

bæta þjónustu og auka skilvirkni auk gagnsæis í stjórn-sýslunni. Fjölskyldusvið hefur innleitt mennta- og læsisstefnur og jafnframt sett auknar verklagsreglur sem gilda þvert á stofnanir.





Sviðsstjóri: Heiða Ösp Kristjánsdóttir

Deildarstjóri velferðarþjónustu: Sigprúður Birta Jónsdóttir

Deildarstjóri frístundaþjónustu: Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson

Deildarstjóri skólaþjónustu: Margrét Björk Brynhildardóttir

Skólastjóri Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri: Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir

Skólastjóri Stekkjaskóla: Hilmar Björgvinsson

Skólastjóri Sunnulækjarskóla: Hermann Örn Kristjánsson

Skólastjóri Vallaskóla: Páll Sveinsson

Leikskólastjóri Álfheima: Jóhanna Þórhallsdóttir

Leikskólastjóri Árbæjar: María Ösp Ómarsdóttir

Leikskólastjóri Goðheima: Anna Gína Aagestad

Leikskólastjóri Hulduheima: Krístrún Hafliðadóttir

Leikskólastjóri Jötunheima: Júlíana Tyrfingsdóttir

Leikskólastjóri Strandheima: Birna Guðrún Jónsdóttir

Fræðslumál

Sveitarfélagið Árborg rekur 4 grunnskóla og 6 leikskóla. Á Selfossi eru Sunnulækjarskóli, Stekkjaskóli (1. - 8. bekkur) og Vallaskóli. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er með tvær starfsstöðvar, 1.-6. bekkur er staðsettur á Stokkseyri og 7.-10. bekkur er staðsettur á Eyrarbakka. Í Sveitarfélaginu Árborg eru sex leikskólar. Á Selfossi eru Álfheimar, Árbær, Goðheimar, Hulduheimar og Jötunheimar sem er með tvær starfsstöðvar á Selfossi. Leikskólinn Strandheimar er með tvær starfsstöðvar, Brimver á Eyrarbakka og Æskukot á Stokkseyri.

Helstu breytingar á þessum árum voru að tekið var í notkun nýtt skólahúsnæði undir starfsemi Stekkjaskóla sem var stofnaður haustið 2021 og flutt var í nýja húsnæðið árið 2023. Í kjölfarið var stofnað útibú frá leikskólanum Jötunheimum í færanlegum kennslustofum á lóð Stekkjaskóla og eru núna starfræktar fjórar deildir í því húsnæði. Áfram er unnið að stækkun leikskólans Jötunheima og á næstu tveimur árum verður hann orðinn 12 deilda leikskóli. Í lok árs 2023 voru gerðar breytingar á rekstri leikskólans Árbæ og 1. ágúst 2024 tók Hjallastefnan við sjálfstæðum rekstri hans.

Árið 2023 var innleitt úthlutunarlíkan fyrir grunnskóla og árið 2024 fyrir leikskóla. Markmið líkansins er að tryggja gegnsæja úthlutun fjármagns til stofnana Árborgar og auka svigrúm til að bregðast við breytingum í starfsemi þeirra. Jafnframt var horft sérstaklega til þess að úthlutun fjármagns vegna stuðningsþarfa barna væri samræmd milli stofnana. Árið 2024 voru innleiddar gjaldfrjálsar skólamáltíðir fyrir grunnskólabörn.

Árin 2024 og 2025 var öllum börnum sem fædd voru fyrir lok mars árið áður boðið leikskólapláss og voru yngstu börnin því 18 mánaða við upphaf aðlögunarferlisins. Undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun barna á leikskólaaldri í sveitarfélaginu og hefur leikskólaplásssum því verið fjölgað til að mæta aukinni þörf. Hlutfall barna með fjölmennningarlegan bakgrunn hefur jafnframt aukist og er nú um 21% leikskólabarna. Unnið er að endurskoðun námskráa allra leikskóla í Árborg. Tveir leikskólar taka þátt í tilraunaverkefni skólaárið 2025–2026 þar sem unnið er að bættu starfsumhverfi í samvinnu við Vinnuvernd.

Leikskólar

Þróunarverkefni leikskólanna í Árborg á skólaárinu 2023-2024

Hvernig má styðja við farsæld barna í leikskóla?

Allir sveitarfélagsreknu leikskólarnir í Árborg tóku þátt í sameiginlegu þróunarverkefni á skólaárinu 2023-2024 sem lagði áherslu á félags- og tilfinningahæfni barna, vináttu, samskipti og foreldrasamstarf í gegnum daglegt starf. Leikskólarnir fengu úthlutað úr Sprotasjóði 5 milljón króna styrk til verkefnisins sem fékk nafnið: Hvernig má styðja við farsæld barna í leikskóla? Hér var um að ræða samstarfsverkefni allra leikskólanna í sveitarfélaginu Árborg, fjölskyldusviðs sveitarfélagsins, við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Markmið verkefnisins var þrjúþætt og tengist innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna

nr. 86/2021 með áherslu á grunnþjónustu leikskóla. Því var ætlað að stuðla að farsæld barna með því að:

- Þróa leiðir til að efla félags- og tilfinningafærni og hæfni þeirra í leik og daglegu starfi og hlúa að vináttu þeirra og samskiptum.
- Hlusta á raddir barnanna og kynnast margvíslegum aðferðum og leiðum til að ná fram sjónarmiðum og efla áhrifamátt þeirra í daglegu starfi og leik. Þetta var sérstaklega haft til hliðsjónar sem hluti af innra mati barna.
- Leggja ríka áherslu á að byggja upp farsælt samstarf milli foreldra og starfsfólks í leikskólunum.

Þegar verkefnið var metið kom fram að unnið hefur verið að því að byggja upp farsælt samstarf milli foreldra og starfsfólks í leikskólum í takt við stigskipta farsældarþjónustu. Tveir leikskólanna þróuðu námskeið fyrir foreldra um uppeldi barna sinna.

Frá haustinu 2025 bjóða allir leikskólarnir í Árborg upp á uppeldisnámskeiðið *Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar* fyrir foreldra leikskólabarna í sveitarfélaginu í upphafi aðlögunar. Bæði foreldrar og skólar gegna mikilvægu uppeldis- og ábyrgðarhlutverki gagnvart börnum og ungmennum og því mikilsvert að þessir aðilar vinni vel saman.

Gaman er að sjá að allir leikskólarnir vinna samkvæmt sömu gildunum en á ólíkan hátt. Þátttakendum fannst þeir hafa öðlast meiri kunnáttu, sáu að breytingar geta verið til góðs og að ýmislegt sé hægt að gera þrátt fyrir áskoranir í starfinu. Helst var talað um að það þyrfti að hugsa dagana út frá hagsmunum barnanna, gefa þeim meira svigrúm til að vera börn og gefa þeim meiri áhrif á skipulag starfsins.

Meiri vitund varð um mikilvægi leiks í að efla félags- og tilfinningahæfni barna, að vera til staðar og hlusta á börnin, skrá og rýna í skráningar. Einnig voru aðrar fjölbreyttar leiðir notaðar til að vinna með börnum til að efla félags- og tilfinningafærni.

Fram kom að það skiptir máli að hafa ánægju af því sem þú ert að gera og þannig verður þú betri fagmaður og starfsmaður. Þessu tengt er mikil þörf á að endurskoða starfið reglulega, byggja upp lærdómssamfélag þar sem allir eru að læra saman sem leiðir til aukinnar fagmennsku í starfi. Helsti lærdómur sem þátttakendur drógu með sér úr verkefninu var að gott starf er unnið í leikskólum Árborgar, mikill metnaður og allir eru með hag barnanna að leiðarljósi.

Heildarniðurstaðan er sú að mikill ávinningur var af verkefninu að mati stjórnenda. Gildi þess að leggja áherslu á að þróa einn afmarkaðan þátt sérstaklega var augljóst og gerði það að verkum að starfsfólk varð meðvitaðra um starfshætti sína, hvað gekk vel og hvað mætti gera betur. Fræðslan opnaði einnig augu þeirra um ákveðin atriði. Samstarf þvert á leikskóla og kynningar leikskólanna voru einnig taldar gagnlegar og gefandi og gáfu starfsfólkinu margar góðar hugmyndir sem það gat nýtt í störfum sínum.

Álfheimar

Leikskólinn Álfheimar var opnaður 13. desember 1988 og er fimm deilda leikskóli. Hugmyndafræði og uppeldisleg sýn Álfheima er í stöðugri mótun þar sem áhersla er lögð

á samskipti og vellíðan í leik og starfi auk virðingar fyrir náttúrunni. Mikil áhersla er lögð á frjálsan leik og er frjálsi leikurinn þungamiðja leikskólastarfsins.

Daglegt starf Álfheima einkennist af útiveru, skógar- og gönguferðum og samstarfi við grenndarsamfélagið. Má þá nefna að samstarfsverkefni Álfheima og Vallaskóla „Gullin í grenndinni“, sem hefur verið fastur liður í starfi beggja skóla síðan 2012 þegar verkefnið fór af stað. Samstarf hefur verið við stofnanir sem þjónusta eldri borgara í Árborg með reglulegum heimsóknum.

Leikskólinn Álfheimar er skóli á grænni grein og hefur frá því í júní 2004 flaggað Grænfánanum sem er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum og skipar vistvernd í verki stóran sess í starfi skólans. Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Skólinn hefur fengið grænfánann 11 sinnum. Í september 2023 fékk leikskólinn styrk úr samfélagssjóðum Krónunnar og Landsvirkjunar sem var nýttur til að kaupa bambagróðurhús.

Árbær

Mikil tímamót urðu í Árbæ á árunum 2023-2025, en í ágúst 2024 var leikskólinn formlega tekinn til reksturs af Hjallastefnunni ehf.

Töluverð undirbúningsvinna hafði átt sér stað um mitt skólaár 2023-2024 með ráðningu nýs stjórnendateymis við leikskólann sem hóf innleiðingu í samstarfi við starfsfólk og fjölskyldur. Við upphaf skólaársins 2024-2025 hafði farið fram allsherjar tiltekt og breytingar á húsnæði og efnivið leikskólans með það að markmiði að skapa fagsýn Hjallastefnunnar. Þann 8. ágúst 2024 opnaði Hjallastefnuleikskólinn dyr sínar fyrir starfsfólki og fjölskyldum og hófst fyrsta starfsárið af mikilli tilhlökkun, öryggi og gleði.

Mikill fjöldi lagði leið sína í Árbæ að skoða skólann og fræðast um starfið á tímabilinu. Margar þessara heimsóknna voru aðilar frá erlendum stofnunum og skólum. Einnig fengum við til okkar ráðstefnugesti, erlenda kennara og rannsakendur. Þá komu þó nokkrir systur-skólar innan Hjallastefnunnar og frá öðrum íslenskum leikskólum í heimsókn.

Stórfelldar breytingar voru gerðar á útisvæði leikskólans á tímabilinu, en öll leiktæki voru fjarlægð af lóðinni og uppbygging náttúrulegs leiksvæðis hófst sumarið 2024. Útisvæðið í Árbæ hefur mótað sér sérstöðu innan leikskólasamfélagsins á Íslandi og vakið mikla athygli fyrir hönnun þar sem fótspor barna og raddir kennara ráða för í þróun þess. Á vordögum 2025 fékk Árbær þann mikla heiður að verða viðurkenndur af samtökunum Gaia

Fjöldi barna í vistun

	1. október 2023	1. október 2024	1. október 2025
Árbær - Hjallastefna	109	111	98
Álfheimar	97	102	103
Goðheimar	113	116	117
Hulduheimar	112	111	115
Jötunheimar	148	148	182
Strandheimar	59	57	65
Samtals	638	645	680
Þar af nemendur með fjölmennningarlegan bakgrunn	125	133	143

Education sem Gaia Skóli, og er hann fyrsti leikskólinn á Íslandi til þess að hljóta þá nafnbót. Gaia Education eru samtök innan UNESCO og Global Ecovillage Network sem vinna að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun með því að, meðal annars, þjálfra kennara og innleiða sjálfbærni í skólastofnanir og samfélög.

Meðal þess sem einkennir starfið í Árbæ er einstakur starfsandi þar sem styrkleikar allra fá að njóta sín í lýðræði og jafnrétti, ásamt miklum stöðugleika sem kjarnast í þeirri staðreynd að starfsmannavelta hefur verið nánast engin á milli ára. Ekki hefur þurft að loka vegna faliðunar síðan í nóvember 2023 og hefur mikið áunnist með markvissri þjálfun og valdeflingu alls starfsfólks skólans. Metnaðarfullt og faglegt starf á sér stað alla daga og njóta börn hægætis í fámennum hópum með frábærum kennurum.

Goðheimar

Leikskólinn Goðheimar er sex deilda leikskóli við Engjaland 21 á Selfossi og hóf starfsemi 6. apríl 2021. Markmið skólans er að stuðla að velferð og vellíðan barna, foreldra og starfsmanna í samvinnu við mannlíf, náttúru og umhverfi skólans. Einkunnarorð Goðheima eru vinátta, virðing og sjálfbærni og endurspeglast þau í daglegu starfi. Frá upphafi hefur skólinn tekið þátt í verkefninu Skólar á grænni grein og hlaut leikskólinn Grænfánann í fyrsta sinn 2023. Einnig eru Goðheimar heilsuefandi leikskóli. Þá hefur Hugarfrelsi litað skólabrag Goðheima frá opnun og flæðir í gegnum leik og nám barnanna. Áhersla er lögð á leik barna og leikjaskráningar sem veita starfsfólki tækifæri til að læra um börnin, áhuga þeirra og styrkleika.

Á skólaárinu 2023–2024 tók leikskólinn þátt í tveimur þróunarverkefnum sem hlutu styrk úr Sprotasjóði, annars vegar *Geymast mér í minni myndir bernskunnar* og hins vegar *Hvernig má styðja við farsæld barna í leikskóla?*

Samstarf og tengsl við nærsamfélagið hafa verið í forgrunni. Árið 2023 hófst samstarf elstu barna leikskólans við hjúkrunarheimilin Móberg, Fossheima og Ljósheima. Á skólaárinu 2025–2026 er samstarfið bundið við Móberg og fara börnin í heimsókn þangað einu sinni í mánuði. Haustið 2024 hófst einnig samstarf við Sunnulækjarskóla í verkefninu Gullin í grenndinni sem miðar að því að efla samfellu og samskipti milli skólastiga. Frá stofnun skólans hafa nemendur Sunnulækjarskóla jafnframt lesið fyrir börnin á degi íslenskrar tungu og degi læsis.

Hulduheimar

Leikskólinn starfar í ljósi hugmyndafræði John Dewey þar sem talið er að börn læri með eigin reynslu og virkri þátttöku í samfélagi við aðra. Í Hulduheimum er lögð áhersla á virðingu fyrir einstaklingnum, sjálfshjálp, félagsfærni og snemmtæka íhlutun en einkunnarorð leikskólans eru virðing, lýðræði og samfélag. Aðalnámsaðferð Hulduheima er könnunaraðferðin (Project Approach) en hún fer vel saman við hugmyndafræði Deweys að því leyti að námið er byggt á reynslu barnanna og þeirri þekkingu sem fyrir er. Námsferlið fer fram í samfélagi við aðra og þjálfar því einnig félagsfærni barna. Að auki eru ýmsar markvissar leiðir farnar til að efla félagsfærni nemenda í Hulduheimum og þar má helst nefna Vináttu (forvarnarverkefni gegn einelti), Barnasáttmálastundir og ART kennsla fyrir elsta árgang leikskólans.

Ytra mat á vegum Menntamálastofnunar var gert í leikskólanum vorið 2022 og kom leikskólinn vel út úr því en

nokkur tækifæri voru þó til umbóta. Á tímabilinu hafa því verið gerðar ýmsar umbætur í leikskólastarfinu og var tilkoma nýrrar Menntastefnu Árborgar ásamt gæðaviðmiðum mikil hjálp í þeim umbótum.

Hulduheimar hafa verið að innleiða samskiptasáttmála fyrir starfsfólk leikskólans frá hausti 2023 en 4 af 6 gildum sáttmálans eru einnig gildi í Vináttu.

Jötunheimar

Leikskólinn Jötunheimar er 10 deilda leikskóli með tvær starfstöðvar, á annarri starfsstöðinni við Norðurhóla eru 6 deildir en í starfsstöðinni við Heiðarstekk eru 4 deildir. Kjörorð Jötunheima er: Leikurinn á vísdóm veit.

Markmið Jötunheima er að öll börn fái að njóta sín á eigin forsendum og getu í gegnum leikinn. Mikilvægt er að börnin fái góðan og samfelldan tíma til sjálfsprottins leiks og áhersla er lögð á sjálfstæði barnsins til að tjá sig í leik og starfi. Það er meðal annars gert í gegnum skapandi starf, málrækt, hreyfingu og með jákvæðum samskiptum. Kennarar eiga að vera leiðbeinandi og styðja börnin í þekkingarleit sinni og gefa þeim tíma til að leysa þau verkefni sem þau eru að fást við.

Leikskólinn Jötunheimar er heilsueflandi leikskóli og unnið er markvisst að heilsueflingu og er hún hluti af daglegu starfi leikskólans. Markmið skólans er að stuðla að bættri heilsu og líðan allra þeirra sem í skólanum starfa, hafa heilsu hvetjandi áhrif á umhverfi sitt og skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum.

Árið 2021 hóf leikskólinn Jötunheimar formlegt samstarf við Special Olympics á Íslandi og Íþróttasamband fatlaðra við innleiðingu YAP verkefnisins. YAP kemur inn á grunnfærni hreyfiproska. Markmið YAP er að öll börn sem þurfa á auka hreyfipjálfun að halda til að bæta slakan hreyfiproska fái þá aðstoð og er lögð áhersla á mikilvægi snemmtæktrar íhlutunar. Árið 2024 fékk leikskólinn styrk ásamt samstarfsaðilum til að útbúa fræðsluefni sem nýtist öllum leikskólum.

Tekin hefur verið sú ákvörðun að stækka leikskólann Jötunheima til þess að fjölga leikskólaplássum í sveitarfélaginu. Árið 2023 hófst vinna við að hanna sex deilda viðbyggingu við leikskólann og áætlað er að hún verði tekin í notkun síðla árs 2027. Til að koma til móts við aukna þörf á leikskólaplássum var ákveðið að í millitíðinni myndi leikskólinn vera með starfsemi í færanlegum kennslustofum sem hýstu Stekkjaskóla upphaflega. Leikskólinn opnaði þar tvær deildir þann 21. ágúst 2023. Árið 2025 var ákveðið að opna þyrfi tvær deildir til viðbótar og hófst starfsemi í þeim 9. ágúst 2025. Frá haustinu 2025 eru Jötunheimar því orðinn 10 deilda leikskóli.

Öll vinna við hönnun og framkvæmdir vegna viðbyggingarinnar gengur vel og jarðvegsframkvæmdir hefjast fljótlega. Þegar byggingarframkvæmdum er lokið mun öll starfsemi í færanlegum kennslustofum flytjast í nýju bygginguna og í kjölfarið verða síðustu tvær deildirnar opnaðar. Leikskólinn verður þá 12 deilda leikskóli.

Þrátt fyrir stækkun skólans og fjölgun starfsfólks heldur lærdómssamfélagið í Jötunheimum áfram að styrkjast og eru mörg teymi starfrækt. Í könnunum og starfsþróunarsamtölum hefur komið fram að starfsfólk finnur lítið fyrir vaxtarverkjum og teljum við að þar sé helst að þakka mannauði leikskólans og menningu. Jötunheimar eru með skýra framtíðarsýn og góða verkferla sem eru sýnilegir þannig að starfsfólk er upplýst um sitt hlutverk í skólanum. Teymisvinna er einnig orðin fastur hluti af vinnulagi skólans sem kennarar telja vera árangursríka leið til að styrkja starfsaðferðir og efla skólamenningu og lærdómssamfélag Jötunheima.

Strandheimar

Strandheimar er heilsueflandi leikskóli og eru áhersluþættir þessa skólaárs farsældin, öryggi og fjölskyldan. Lögð verður grunnlína í farsældinni, unnið með öryggi á ýmsan hátt, öryggi barna í bíl, brunaæfingar og notkun hjálma. Áhersla er á upplýsingaflæði og samstarf við foreldra. Áfram verður unnið með þá þætti sem áður hafa verið áhersluþættir, þ.e. tannvernd, nærumhverfið og hreyfingu.

Leikskólinn Strandheimar heldur í vetur áfram innleiðingarferli á Jákvæðum aga (Positive Discipline). Lykilhugtök Jákvæðs aga eru: Virðing, góðvild og festa. Í vetur verður lögð áhersla á að starfsfólk tileinki sér að starfa í anda Jákvæðs aga og verður unnið markvisst að því á skipulagsdögum og starfsmannafundum. Enn fremur verður lögð áhersla á innleiðingu barnafunda á deildum ásamt markvissu foreldrasamstarfi.

Verkefnið Vináttu í nærumhverfinu sem hófst í Strandheimum haustið 2022 hefur fest sig í sessi og þróast. Markmið verkefnisins er að efla samstarf milli starfstöðva leikskólans auk þess að efla tengsl nemenda og veita tækifæri til að auka viðsýni nemenda gagnvart nærumhverfi þeirra. Öflugt samstarf er við ýmis fyrirtæki og stofnanir í tengslum við verkefnið og fara börnin meðal annars í heimsókn á Sólveli á Eyrarbakka og hitta þar eldri borgara. Á Stokkseyri er unnið að því að brúa bilið milli leik- og grunnskóla með þátttöku í skólastarfinu, í vetur fá börnin einnig tækifæri til að æfa sig í að fara með skólabílnum. Foreldrasamvinna er lykilatriði verkefnisins og hafa foreldrar verið mjög samstarfsúsir í að mæta með börnin sín á þá starfsstöð sem verkefnið er haldið í hvert skipti. ■

Grunnskólar

Sveitarfélagið Árborg rekur 4 grunnskóla á 5 starfsstöðvum; Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES), Stekkjaskóla, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla. Við BES eru tvær starfsstöðvar, 1.-6. bekkur er staðsettur á Stokkseyri og 7.-10. bekkur er staðsettur á Eyrarbakka. Stekkjaskóli er enn í uppbyggingu en skólaárið 2025-2026 er 8. bekkur elsti árgangur skólans. Á næstu tveimur árum verður skólinn fullsetinn frá 1.-10. bekk.

1. október 2025 voru 1626 nemendur í grunnskólum sveitarfélagsins, þar af 285 nemendur með fjölmenn- ingarlegan bakgrunn eða 18%. Til samanburðar voru 1516 nemendur við skólana skólaárið 2022-2023, þar af 203 nemendur með fjölmenn- ingarlegan bakgrunn.

1. október 2025 voru 1626 nemendur í grunnskólum sveitarfélagsins, þar af 285 nemendur með fjölmenn- ingarlegan bakgrunn eða 18%.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) skipt- ist í tvær starfsdeildir, 7. - 10. bekkur eru staðsettir á Eyrarbakka en 1.- 6. bekkur eru staðsettir á Stokkseyri. Nemendur BES koma úr þéttbýliskjörnunum Eyrarbakka og Stokkseyri ásamt nálægu dreifbýli.

Skólinn hefur lagt sig fram um að vera í góðu samstarfi við leikskólann Strandheima á Eyrarbakka og Stokkseyri og Frístundaheimilið Stjörnusteina. Það starf hefur verið skemmtilegt og gagnlegt. Einnig hafa nemendur tekið þátt í viðburðum í grenndarsamfélaginu og má þar nefna listviðburði tengda Byggðasafni Árnesinga auk þess sem nemendur hafa heimsótt bæði leikskóla og dvalarheimili þar sem þeir hafa sungið og lesið.

Að frátöldu hefðbundnu skólastarfi þá er a.m.k. annað hvert ár verkefni í gangi sem heitir Barnabær. Þá er stofnað eins konar fríríki þar sem settar eru upp vinnu- stofur þar sem nemendur vinna að verkefnum og afurðir svo seldar til gesta á síðasta degi verkefnisins en þá er opið hús í skólanum og allir velkomnir. Þetta er mjög gefandi og fróðlegt verkefni. Skólinn er einnig Erasmus+

skóli og hefur starfsfólk skólans farið í ferðir til Evrópu bæði í aðra skóla og á námskeið sem nýttast í starfi.

Haustið 2025 hófst svo vinna við innleiðingu á nýrri stefnu skólans sem nefnist Jákvæður agi. Við bindum miklar vonir við þá stefnu og vinnum ótrauð að undir- búningi og innleiðingu. BES hefur lagt metnað sinn í að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og hefur í flestum tilfellum náð góðum árangri þar.

Stekkjaskóli

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli í sveitarfélaginu Árborg. Hann tók til starfa í ágúst 2021 og er því á sínu fimmta starfsári. Fyrstu mánuðina fór starfsemin fram í frí- stundaheimili Vallaskóla en flutti í lok nóvember 2021 í færanlegar kennslustofur á skólalóð Stekkjaskóla við Heiðarstekk og var skólastarfið þar fram í mars 2023.

Þann 22. mars 2023 var fyrsti skóladagurinn í nýrri glæsilegri skólabyggingu Stekkjaskóla og í byrjun janúar 2025 hófst kennsla í 2. áfanga skólans. Skólabyggingin uppfyllir allar þarfir nútíma skólastarfs og skólinn leggur m.a. áherslu á teymiskennslu og fjölbreytta kennslu- hætti. Á fyrsta skólaári Stekkjaskóla voru um 102 nem- endur í 1.- 4. bekk, á hverju hausti hefur bæst við einn árgangur og nemendum hefur fjölgað mikið. Allt frá því að skólinn tók til starfa hefur verið lögð áhersla á þróunarstarf og að festa ákveðin verkefni, áherslur og stefnur í sessi.

Fyrstu tvö ár skólans unnu starfsmenn að formlegu þró- unarverkefni sem fékk nafnið Stekkur til framtíðar – Að byggja upp lærdómssamfélag í nýjum grunnskóla. Í lok verkefnisins var gefin út skýrsla þar sem gerð var grein fyrir helstu áherslum verkefnisins og niðurstöðum.

Helstu einkenni Stekkjaskóla eru áherslur sem byrjað var að móta í þróunarverkefninu. Unnið hefur verið að því að festa þessar áherslur í sessi undanfarin ár og lýkur því verkefni í raun aldrei. Áherslur breytast með árunum og verkefni eru í stöðugri þróun. Það sem einkennir Stekkjaskóla er m.a. teymiskennsla og teymisvinna, jákvæður agi, skapandi skólastarf, fjölbreyttir kennslu- hættir, snillismiðjur, list- og verkgreinar (smiðjur) og valsmiðjur á mið- og unglingsstigi.

Teymiskennsla eru þeir kennsluhættir sem eru ríkjandi í Stekkjaskóla. Tveir til fjórir umsjónarkennarar ásamt stuðningsfulltrúum vinna saman með hvern árgang á sínu svæði og bera sameiginlega ábyrgð á sínum nem-

Nemendafjöldi

	2022-2023	2023-2024	2024-2025	1. október 2025
BES	124	138	148	137
Sunnulækjarskóli	648	677	652	623
Stekkjaskóli	171	231	294	361
Vallaskóli	573	574	524	505
Samtals	1516	1620	1618	1626
Par af nemendur með fjölmenningarlegan bakgrunn	203	133	264	285

endahópi. Í teymiskennslu er mikil teymisvinna meðal allra sem koma að nemendum. Undanfarið hefur verið unnið markvisst að því að styrkja teymisvinnu starfsmanna með fræðslu og gerð teymissáttmála.

Stekkjaskóli vinnur eftir uppeldisstefnunni Jákvæður agi og lögð er áhersla á jákvæðan skólabrag. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Á hverju skólaári vinna nemendur bekkjarsáttmála og eiga þeir að vera tilbúnir fyrir 8. nóvember sem er baráttudagur gegn einelti. Markmið bekkjarsáttmála er að tryggja að öllum líði vel í skólanum við leik og störf og á sáttmálinn að vera virkur samningur sem allir hjálpast að við að halda. Sáttmálinn er unnin í samvinnu nemenda og kennara og byggir á þeim lífsgildum sem allir eru sammála um að séu mikilvægust fyrir farsælt samstarf og vellíðan allra.

Í Stekkjaskóla er rík áhersla lögð á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsumhverfi nemenda. Kennarar leggja rækt við sveigjanlega kennsluhætti, sjálfstæð vinnubrögð, skapandi starf og samvinnu nemenda og starfsfólks. Nemendur nota tæki og tækni samhliða bókum og skrifffærum. Notaðar eru spjaldtölvur (iPad) í 1.-5. bekk og Chromebook fartölvur í 6.-8. bekk. Yngri nemendur nota smáforrit á meðan eldri nemendur nota oftast vefsíður og/eða vefumsjónarkerfi.

Snillismiðjur (tækni og nýsköpun) eru í stundatöflu allra árganga. Þar vinna nemendur að ýmsum verkefnum þar sem notaðar eru m.a. spjaldtölvur, fartölvur og forritunarbyflugur undir leiðsögn umsjónarkennara. UT verkefnastjóri er einnig til aðstoðar.

Starfsmenn Stekkjaskóla hafa undanfarin ár þróað valsmiðjur á mið- og unglingastigi. Þetta er eitt af þeim

verkefnum skólans sem hafa reynst virkilega vel og við erum mjög stolt af. Í boði eru fjölbreyttar list- og verkgreinasmiðjur ásamt íþróttavali, UT kennslu o.fl. Sem dæmi um smiðjur sem hafa verið undanfarið er Fab lab smiðja, Stekkjaleikarnir, smíðum bíl, heilbrigði og hreyfing, dans með allskonar afbrigðum, píla, leikir og spil, stuttmyndagerð, leiklist fyrir alla - sköpun og gleði, leir og brennsla, bliklist/Op-art, jólakósý og þæfing, textílmenn - garnlitun og prjón, frísbígg, skartgripgerð og jólasveinar, tinkercad, gervigreind og hljómsveitaval o.fl. Áhersla er á að hafa smiðjurnar fjölbreyttar þannig að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Stekkjaskóli þykir einn af glæsilegustu grunnskólum landsins. Bæði þykir skipulag svæða gott og hljóðvistin er frábær. Heimasvæði árganga eru hönnuð fyrir teymiskennslu. Hvert svæði er með opnu rými, lítilli kennslustofu, tveimur hópaherbergjum og þremur salernum. List- og verkgreinastofur eru til fyrirmyndar og eru í nálægð við hverja aðra. Í 1. áfanga er stórt mótuneyti ásamt framleiðslueldhúsi, fjölnotasalur og góð starfsmannaaðstaða. Í 2. áfanga er félagsaðstaða fyrir unglinga, náttúrufræðistofa með gróðurskála og hreyfirými. Einnig er þar bókasafn og upplýsingarver sem heitir Hugarheimur.

Fyrsti skóladagurinn í nýju húsnæði Stekkjaskóla var sannkallaður gleðidagur fyrir nemendur og starfsmenn skólans. Vígsluathöfn fór fram 1. júní 2023 þar sem skólabyggingunni var fagnað með tónlistaratriðum frá nemendum, léttum veitingum og stuttum ávörpum.

Mikið hefur verið um heimsóknir í skólann, fundi, kynningar, tónlistarviðburði og ráðstefnur frá því að nýbygging skólans var tekin í notkun. Síðastliðið haust var t.d. ráðstefna Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem hét Skóli margbreytileikans: Leiðir og verkfæri til vaxtar.

Sunnulækjarskóli

Sunnulækjarskóli starfar eftir uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar, sem byggir á sjálfstjórn, ábyrgð, virðingu og jákvæðum samskiptum. Litið er á skólann sem lærdómssamfélag þar sem nemendur og starfsfólk vinna saman að þroska, framförum og samfélagslegri velferð. Markvisst er unnið að því að rækta áræði, frumkvæði og hæfni nemenda til að takast á við fjölbreytt verkefni lífsins. Í skólanum starfar sérdeild, Setrið, sem styður við fjölbreyttar þarfir nemenda. Einkennandi fyrir skólann er teymisvinna, þar sem kennarar deila þekkingu og skipuleggja kennslu sameiginlega. Góð samvinna við foreldra og samstarfsaðila er grundvallarþáttur í starfi skólans, með áherslu á traust, virðingu og vellíðan allra.

Árið 2023 var tekin upp stefna um símalausan skóla. Ákvörðunin byggdist á rannsóknum um áhrif snjalltækja á líðan, einbeitingu og námsárangur. Í könnun sem lögð var fyrir foreldra vorið 2023 svöruðu rúmlega 500 foreldrar og 89% studdu símalaut skólaumhverfi.

Skólaárið 2023–2024 hófst þróunarstarf í 8.–10. bekk þar sem farið var úr faggreinateymum yfir í árgangateymi. Markmiðið var að auka stöðugleika, styrkja tengsl nemenda og kennara og efla hlutverk umsjónarkennara. Hver árgangur fékk eigið heimasvæði þar sem öll kennsla fer fram. Ástæða breytinga byggir á niðurstöðum íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem varpaði ljósi á að styrkja þyrfti tengsl nemenda við umsjónarkennara á unglingsstigi. Síðustu tvö ár hafa verið gerðar tilraunir með lokanir á milli kennslurýma með skörun veggja á móti hvor öðrum á ganginum og lokuðum veggjum á milli samliggjandi kennslurýma. Þessi lausn hefur gefið góða raun. Sjónrænt áreiti minnkar og hljóðvist er mun betri. Nemendur njóta meira næðis og kennarar sem hafa kennt í þessum rýmum ná betri bekkjarstjórnun og lýsa meiri yfirvegum og ró meðal nemenda í kennslustundum.

Á árunum 2023–2025 starfaði kór á miðstigi og kór í 1. bekk, sem eflði tjáningu, samvinnu og sjálfstraust nemenda.

Í 9.–10. bekk fer fram þemaverkefni sem nefnist Kvika. Verkefnið byggir á samþættri þemavinnu sem tengir saman námsgreinar og eflir lykilhæfni samkvæmt Aðalnámskrá, meðal annars sjálfstæði, frumkvæði, lausnamiðaða hugsun, samvinnu og skapandi og gagnrýna hugsun. Nemendur hafa mikið val, vinna út frá eigin áhugasviðum og miðla námi sínu með fjölbreyttum hætti.

Sunnulækjarskóli tekur þátt í þróunarverkefninu Vellíðan og heilbrigð vinnustaðamenning (2024–2026) í samstarfi við Vinnueftirlitið, Samband íslenskra sveitar-

félaga og Kennarasamband Íslands (KÍ). Megináherslan hjá Sunnulækjarskóla á skólaárinu 2024–2025 var teymiþjálfun með mannauðsráðgjafa, þar sem hvert teymi fékk þjálfun þrisvar sinnum yfir skólaárið. Unnið var með teymissáttmála og skýr hlutverk, auk þess sem hlutverk stjórnendateymisins voru skilgreind og kynnt starfsfólki. Markmiðið er að styðja við öflugt samstarf og tryggja að allur vinnustaðurinn starfi í takt sem ein heild.

Á skólaárinu 2024–2025 var unnið að ítarlegu áhættumati í samstarfi við allt starfsfólk skólans með það að markmiði að bæta viðbrögð við krefjandi hegðun nemenda, efla öryggi og stuðla að stöðugleika í aðstæðum sem krefjast faglegra og fumláusra viðbragða. Í vinnunni var lögð áhersla á skýrt verklag, jákvætt og faglegt viðmót, markvissa styrkingu jákvæðrar hegðunar og fjölbreyttar fyrirbyggjandi aðferðir sem stuðla að öryggi allra í skólasamfélaginu.

Vallaskóli

Vallaskóli er rótgróinn skóli staðsettur í hjarta Selfoss. Vallaskóli skiptist í tvö stig: Yngra stig (1.-6. árgangur) og eldra stig (7. - 10. árgangur).

Vallaskóli heldur áfram innleiðingu uppeldisstefnunnar Jákvæður agi á skólaárinu 2025-2026 en vinna hófst við að innleiða uppeldisstefnuna árið 2023. Uppeldisstefnan Jákvæður agi byggir á sjálfsstjórnarkeningum, sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu.

Vallaskóli vinnur á skólaárinu 2025-2026 að innleiðingu þróunarverkefnisins Læsi fyrir lífið. Þróunarverkefnið miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglingsstigi með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluáðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi. Unnið er með læsi þvert á námsgreinar og fá kennarar leiðsögn og þjálfun í að kafa dýpra í viðfangsefni með nemendum og nota verkfæri á borð við gagnvirkan lestur, hugtakagreiningu, ritunarramma og samræður. Verkefnið stendur í 22 mánuði og á þeim tíma koma ráðgjafar frá Miðstöð skólaþróunar HA í skólann, fylgjast með og eru með stuðningsfundi. Námskeiðið fellur innan vinnuramma og endurmenntunartíma kennara og stjórnenda.

Vallaskóli er Erasmus+ skóli og hefur verið þátttakandi í evrópsku samvinnuverkefni síðan 2022 en hugmyndafræði verkefnisins snýst um sjálfbærni, umhverfisvitund

og starfræna þróun. Verkefnið felur í sér nemendaskipti, náms- og námskeiðaferðir kennara og móttöku erlendra kennara og stjórnendahópa. Við Vallaskóla fer fram öflug list- og verkgreinakennsla, kraftmikil íþrótt- og sundkennsla, mikil og góð stoðþjónusta sem og mikil teymisvinna og teymiskennsla. Fjölmenningardeild er við Vallaskóla og eru yfir 100 nemendur sem njóta þjónustu hennar. Vallaskóli er fjölmenningarlegur skóli og

eru móðurmál nemenda 30 talsins. Við skólann starfar ráðgjafateymi náms- og starfsráðgjafa auk skólafélagsráðgjafa. Starfsmenn skólans vinna eftir samskiptasáttmála og litar það samskipti nemenda og starfsmanna daglega. Öflugt samstarf skólans er við foreldrafélag skólans en stjórnendur skólans funda mánaðarlega með stjórn foreldrafélagsins.


Skólaþjónusta

Meginmarkmið skólaþjónustu er að veita stuðning við nemendur í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins og foreldra þeirra, gera snemmtækt mat á stöðu nemenda og veita ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda. Auk þess veitir skólaþjónusta stuðning við starfsemi skóla og starfsfólks þeirra m.a. með því að styðja við faglega starfshætti, fjölbreytta kennslufræðilega nálgun og öfluga skólaþróun. Stór hluti þjónustunnar fer fram í nærumhverfi barna innan hvers leik- og grunnskóla þar sem sumir sérfræðingar eru með fasta viðveru í skólunum á meðan aðrir koma inn eftir þörfum.

Skólaþjónusta Árborgar hefur á að skipa þverfaglegu teymi sérfræðinga sem samanstendur af sálfræðingum, talmeinafræðingum, kennsluráðgjöfum, leikskólaráðgjöfum, atferlisfræðingi, deildarstjóra og ritara. Teymið sinnir margþættum verkefnum með það að leiðarljósi að mæta fjölbreyttum þörfum barna, forsjáraðila og starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundaþjónustu. Sem dæmi um verkefni skólaþjónustu má nefna setu í lausnateymum leik- og grunnskóla, nemendaverndarráðum grunnskóla, fjölmenningatrymi sveitarfélagsins, forvarnateymi sveitarfélagsins, fagræði sérdeildar Sunnulækjarskóla og í ýmsum faghópum um málefni skólanna. Eins má nefna umsjón með daggæslumálum, stuðning og leiðsögn varðandi innra mat í leik- og grunnskólum og umsjón með innritun og biðlistum á leikskóla.

Hjá skólaþjónustu er þverfaglegt og gott samstarf við börn, forsjáraðila og þá fagaðila sem koma að þjónustunni lykilþáttur í starfseminni. Lögð er áhersla á snemmtækan stuðning, farsæld í þágu barna, lausnaleit, öfluga fræðslu og námskeið fyrir foreldra og starfsfólk skóla og frístundar. Sem dæmi um námskeið fyrir foreldra má nefna uppeldisnámskeiðið Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar, kvíðanámskeiðið Klókir litlir krakkar og ADHD námskeið. Á hverju ári eru haldin a.m.k. 2 uppeldisnámskeið, eitt ADHD námskeið og eitt kvíðanámskeið og hefur þátttaka forelda verið mjög góð.

Skólaþjónustan tekur þátt í ýmsum skólaþróunarverkefnum bæði innan og utan sveitarfélags, sækir um styrki til ýmissa verkefna og tekur þátt í stefnumótandi verkefnum líkt og gerð mennta- og læsisstefnu. Á undanförunum árum hefur skólaþjónustan t.d. fengið góða styrki í gegnum Endurmenntunarsjóð grunnskóla, Mennta- og barnamálaráðuneytið, Erasmus+ og fleiri aðila auk þess að taka þátt í lærdómssamfélaginu Árborg og þróunarverkefni leikskólanna svo eitthvað sé nefnt. Áfram er stefnt að því að veita framúrskarandi þjónustu í nærumhverfi barna með farsæld og fagmennsku í fyrirrúmi. ■



- Lokið - 3662 mál
- Eftirfylgd - 348 mál
- Ný beiðni - 316 mál
- Í vinnslu - 259 mál
- Í bið - 35 mál

■ Fjöldi mála og staða þeirra hjá skólaþjónustu Árborgar á tímabilinu 2023 - 2025.

Velferðarþjónusta

Staðan og yfirlit

Velferðarþjónusta Árborgar heyrir undir Fjölskyldusvið og veitir íbúum heildstæða og þverfaglega velferðarþjónustu yfir æviferilinn. Þjónustan er veitt víðs vegar í Árborg, meðal annars í ráðhúsi Árborgar og í níu þjónustukjörnum sem sinna ólíkum hlutverkum og verður nánar fjallað um hér á eftir. Starfið byggir á lögbundinni ábyrgð sveitarfélagsins á sviði félagsþjónustu, málefna fatlaðs fólks, málefna aldraðra, málefna barna og barnaverndar. Lögð er áhersla á að efla sjálfshjálpi, virka þátttöku íbúa í samfélaginu og tryggja að þjónusta sé einstaklingsmiðuð og réttindamiðuð. Hún er veitt í nánú samstarfi við aðra kerfisþætti svo sem heilsugæslu, skóla, Vinnumálastofnun og aðra samstarfsaðila á svæðinu.

Í Ráðhúsi Árborgar starfa barnavernd, barnateymi og fullorðinsteymi sem saman mynda mikilvægt stöðkerfi fyrir fjölskyldur, einstaklinga og samfélagið í heild. Þverfagleg teymi fagaðila veita ráðgjöf, stuðning og þegar þörf krefur, sértæka þjónustu með það að markmiði að bregðast tímanlega við, draga úr félagslegri einangrun og styðja við farsæld íbúa.

Barnateymi og fjölskylduþjónusta

Barnateymi Árborgar veitir ráðgjöf og stöðþjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Markmiðið er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, efla stuðningsnet fjölskyldna og styðja börn til farsæls þroska og þátttöku í samfélaginu. Í teyminu starfa fagaðilar með sérhæfingu á sviði barna- og fjölskyldumála sem veita bæði almenna og sértæka ráðgjöf, foreldrafræðslu, uppeldis- og fjölskylduráðgjöf, unglinga- og ungmennaráðgjöf, hópastarf og einstaklingsstuðning.

Áhersla er lögð á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, þar sem unnið er þvert á kerfi til að tryggja samfellda, samræmda og markvissa þjónustu í þágu barnsins. Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins þ.e. á heilsugæslu

og í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Fyrir ungmenni 16 -18 ára utan skóla er tengiliður farsældar innan velferðarþjónustu sem styður þau í því að fá viðeigandi stuðning, hvort sem er í námi, virkni eða annarri þjónustu. Tengiliður kemur upplýsingum til velferðarþjónustu ef þörf þykir á tilnefningu málstjóra. Hlutverk hans er meðal annars að veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu og stýra stuðningsteymi.

Barnateymi Árborgar veitir jafnframt sérhæfða ráðgjöf og stöðþjónustu fyrir börn með fötlun og fjölskyldur þeirra. Þar á meðal eru úrræði eins og stuðningsfjölskyldur, skammtímadvöl, frístundaklúbbbar og sértækt húsnæði í umboði Bergrisans bs. Þjónustan byggir á hugmyndafræði sjálfstæðs lífs og jafnra tækifæra og miðar að því að draga úr einangrun, léttu álagi á fjölskyldur og tryggja börnum með fötlun virka þátttöku í samfélaginu.



Mál í samþættri þjónustu/farsæld árið 2025 hjá Sveitarfélaginu Árborg

Mál hjá málstjórum velferðarþjónustu

Tímabil 2025	Ný mál á tímabilinu samtals	Ný mál þar af drengir	Ný mál þar af stúlkur	Ný mál þar af með erlendan bakgrunn	Heildarfjöldi opinna mála í samþættri þjónustu við lok tímabils	Fjöldi mála vísað til tengiliðar farsældar á tímabilinu
1/1 - 30/4	32	21	11	13	167	11
1/5 - 31/8	19	10	9	2	174	6
1/9 - 31/12	34	23	11	4	157	4
Samtals	85	54	31	19		21

Mál hjá tengiliðum leikskóla

Tímabil 2025	Ný mál á tímabilinu samtals	Ný mál þar af drengir	Ný mál þar af stúlkur	Ný mál þar af með erlendan bakgrunn	Heildarfjöldi opinna mála í samþættri þjónustu við lok tímabils	Fjöldi mála vísað til tengiliðar farsældar á tímabilinu
1/1 - 30/4	27	17	10	2	24	4
1/5 - 31/8	1	1	0	0	13	0
1/9 - 31/12	2	1	1	1	18	0
Samtals	30	19	11	3		4

Mál hjá tengiliðum grunnskóla

Tímabil 2025	Ný mál á tímabilinu samtals	Ný mál þar af drengir	Ný mál þar af stúlkur	Ný mál þar af með erlendan bakgrunn	Heildarfjöldi opinna mála í samþættri þjónustu við lok tímabils	Fjöldi mála vísað til tengiliðar farsældar á tímabilinu
1/1 - 30/4	27	6	10	2	118	23
1/5 - 31/8	10	0	0	0	110	5
1/9 - 31/12	21	9	9	1	134	7
Samtals	58	18	19	3		35


Barnavernd

Barnaverndarþjónusta Árborgar hefur það hlutverk að tryggja vernd og velferð barna sem búa við óviðunandi aðstæður eða eiga á hættu að þroski og heilsa skaðist. Starfsemi barnaverndar byggir á barnaverndarlögum og mannréttindasjónarmiðum, þar sem hagsmunir barnsins eru ávallt hafðir í fyrirrúmi.

Viðbrögð barnaverndar fela í sér móttöku tilkynninga, könnun mála, ráðgjöf og stuðningsúrræði í nánú samstarfi við foreldra og aðra fagaðila. Lögð er áhersla á snemmtækan og vægan stuðning, svo sem ráðgjöf, fræðslu, stuðningsviðtöl, samstarf við skóla og leikskóla og önnur úrræði sem miða að því að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og bæta aðstæður barns.

Starfsfólk barnaverndarþjónustu skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu og skulu hagsmunir barns ávallt hafðir í fyrirrúmi. Aðrir hagsmunir, svo sem hagsmunir foreldra, verða að víkja ef þeir stangast á við hagsmuni barnsins Starfsfólk ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni og ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma. Starfsfólk skal leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra/for sjáraðila og sýna þeim og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni og virðingu, er þeir kanna og fara með mál.

Starfsfólk skal í störfum sínum eiga góða samvinnu sín á milli, við samstarfsaðila og aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna. Starfsfólk barnaverndar skal í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis, jafnframt skal eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til íþyngjandi úrræða. Ávallt skal miða við að beitt sé vægustu úrræðum til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Aðeins skal gripið til íþyngjandi ráðstafana ef lögmætum markmiðum verður ekki náð með öðru og vægara móti.




■ Fjöldi tilkynninga til barnaverndar Árborgar. Heildarfjöldi tilkynninga á tímabilinu 2023-2025 var 2030.



Fullorðinsteymi og þjónusta við fullorðna

Fullorðinsteymi Árborgar sinnir félagslegri ráðgjöf og stuðningi við fullorðna íbúa og fjölskyldur þeirra. Þjónustan tekur m.a. til ráðgjafar vegna félagslegra aðstæðna, samskiptaerfiðleika, fjármála og húsnæðismála, auk sérhæfðrar ráðgjafar til eldri borgara, flóttamanna, ungmenna og einstaklinga með fötlun. Í allri þjónustu er lögð áhersla á valdeflingu, virkni og að styðja einstaklinga til að nýta eigin styrkleika og réttindi.

Á sviði félagslegrar og fjárhagslegrar aðstoðar veitir velferðarþjónustan tímabundinn stuðning til framfærslu og vegna sérstakra aðstæðna, samhliða markvissri ráðgjöf. Húsnæðisfulltrúi og ráðgjafar vinna að úthlutun og eftirfylgd félagslegs leiguhúsnæðis og sérstaks húsnæðisstuðnings, þar sem tekið er mið af bæði félagslegum aðstæðum og fjárhagsstöðu umsækjenda.



■ Fjöldi einstaklinga sem þáði fjárhagsaðstoð 1 mánuð eða fleiri. Eins og sjá má hefur orðið aukning á milli ára á fjölda þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð

Málefni eldri borgara eru stór hluti starfseminnar. Þjónustan felur meðal annars í sér ráðgjöf, dagdvöl og dagþjálfun, félagsstarf í samstarfi við félag eldri borgara, akstursþjónustu, heimsendan mat og stuðning til að eldri einstaklingar geti búið sem lengst á eigin heimili við sem bestu lífsgæði. Sérstakt húsnæði fyrir 67 ára og eldri, bæði félagslegt og almennt leiguhúsnæði, er hluti af þjónustukerfinu og styður við öryggi og félagslega þátttöku eldri íbúa.

Í málefnum fatlaðs fólks veitir velferðarþjónustan bæði almenna og sérhæfða ráðgjöf, stoð- og stuðningsþjónustu, þar á meðal félagslega stuðningsþjónustu, notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), húsnæði með stuðningi og verndaða vinnu og hæfingu í samstarfi við byggðasamlagið Bergrisa. Félagsleg stuðningsþjónusta og endurhæfing/iðjuþjálfun í heimahúsi styðja við það meginmarkmið að fólk geti búið lengur heima og tekið virkan þátt í daglegu lífi og samfélaginu.

Fullorðinsteymi sér jafnframt um málstjórn og samhæfingu þjónustu fyrir flóttafólk í samræmdri móttöku, þar sem áhersla er á öryggi, upplýsingagjöf, aðlögun, íslenskunám, atvinnuþátttöku og samfélagsfræðslu.

Félagsleg stuðningsþjónusta

Undanfarin þrjú ár hefur félagsleg stuðningsþjónusta í Árborg markvisst unnið að því að efla sjálfstæði notenda og styrkja færni þeirra til að sinna eigin verkefnum eftir því sem aðstæður leyfa. Áherslur í þjónustunni hafa tekið verulegum breytingum á síðustu árum, þar sem megináhersla hefur verið lögð á endurhæfingu og vald-eflingu. Dregið hefur verið úr aðstoð við þrif og fá not- endur nú einungis stuðning við þau verkefni sem þeir eru ekki færir um að sinna sjálfir, í samræmi við gildandi lög og reglur um velferðarþjónustu.

Þörf fyrir persónulega og félagslega aðstoð hefur aukist verulega á undanförunum árum, eða um rúm 600%, sem hefur haft í för með sér umtalsverðar breytingar á skipulagi þjónustunnar. Sú þróun endurspeglar meðal annars hækkandi aldur þjóðarinnar og lengri búsetu í heimahúsi, og undirstrikar enn frekar mikilvægi þess að viðhalda færni og getu fólks til að búa heima sem lengst við sem besta heilsu og öruggar aðstæður.

Iðjuþjálfun og endurhæfing í heimahúsi

Iðjuþjálfar ráðleggja umsækjendum um líkamsbeitingu, orkusparnað og notkun hjálpartækja. Einnig er unnið markvisst að valdeflingu og að efla trú einstaklinga á eigin getu eftir þörfum. Í sumum tilfellum er veittur stuðningur við þrif með virkri þátttöku notenda, þegar þeir geta ekki sinnt verkefnum einir en geta tekið þátt að einhverju marki. Þörf fyrir hjálpartæki og kennslu í notkun þeirra hefur aukist verulega. Félagsleg stuðningsþjónusta hefur nú aðgang að ytri lager frá Sjúkratryggingum með helstu hjálpartækjum, sem flýttir afgreiðslu.

Í byrjun árs 2025 var endurhæfing í heimahúsi inn- leidd. Iðjuþjálfar leggja mat á þörf og framkvæma EMS í upphafi og við lok endurhæfingartímabils. Starfsfólk heimsækir fólk 2–3 sinnum í viku og styður við æfingar sem byggja á æfingum á hreyfirás LHS.

Tengiráðgjöf

Tengiráðgjafi hefur það meginmarkmið að draga úr fé- lagslegri einangrun. Tengiráðgjafi hóf störf 1. maí 2024 og aðstoðar einstaklinga við að virkjust félagslega með því að heimsækja fólk, fara með því í úrræði í fyrsta skipti eða veitir upplýsingar og eftirfylgni í síma. Tengiráðgjafi hefur verið með 66 einstaklingsmál á tímabilinu. Aldursdreifing mála er 46–89 ára og kynjaskipting er 33% karlmenn og 67% kvenmenn í tengiráðgjöf. Í sumum málum er langtíma úrvinnsla en meira en helmingur einstaklingsmála hefur aukið virkni sína og/eða félags- leg tengsl. Tengiráðgjafi veitir einnig upplýsingar og

leiðbeiningar til aðstandenda. Tengiráðgjafi hefur verið ómissandi aðili í að brúa bil í samskiptum við aðila líkt og félög eldri borgara, Rauða Krossinn, Strók og fleiri staði sem starfa í Árborg. Tengiráðgjafi hefur haldið utan um forvarnir og fræðslu fyrir eldra fólk með því að útbúa upplýsingabækling um þjónustu við eldra fólk, haldið fræðslustund fyrir eldra fólk í nóvember 2024, komið að gerð frístundamessu haustin 2024 og 2025. Tengiráðgjafi hefur einnig sinnt eftirfarandi verkefnum: Stofnun MÓMA teymis, er ábyrgðaraðili hjá Björtum

Þörf fyrir persónulega og félagslega aðstoð hefur aukist verulega á undanförunum árum, eða um rúm 600%

lífsstíl f.h. Árborgar, er hluti af endurhæfingarteymi, er í öldungaráði, aukið upplýsingar á frístundavef- eldra fólk, gert könnun á líðan og félagslegri einangrun 80+ sem búa ein og einnig er tengiráðgjafi nýlega komin inn í forvarnarhóp Árborgar. Tengiráðgjafi hefur einnig að- stoðað við hópamyndun og má þá helst nefna danshóp 60+ og nýtt verkefni sem heitir „Karlar í Uppsölum”.

Árblik og Vinaminni

Dagdvölin Árblik og dagþjálfunin Vinaminni eru skyldar þjónustueiningar sem bjóða upp á dagdvöl/dagþjálf- un þar sem lögð er áhersla á vellíðan, virkni, félagslega þátttöku og einstaklingsmiðaða nálgun. Árblik er þjón- usta fyrir eldri borgara og styður við daglegt líf og sjálf- stæði þeirra, en Vinaminni er þjónusta fyrir einstaklinga með heilabilun þar sem sérstaklega er horft til þess að efla sjálfstæði, styðja í daglegu lífi og létta undir með að- standendum.

Á síðustu þremur árum hafa orðið verulegar breytingar og þróun í báðum þessum einingum sem hafa styrkt gæði þjónustunnar og bætt bæði starfsumhverfi og upp- lifun þjónustunotenda. Innleitt hefur verið nýtt dags- plan í Árblik og Vinaminni með aukinni áherslu á virkni og gæðastundir með þjónustunotendum. Meiri sveigj- anleiki hefur skapast í dagsplani, sem gerir starfsfólki kleift að stjórna deginum betur, skipuleggja verkefni með meira sjálfstæði og skapa fjölbreyttari daga fyrir hvorn hóp um sig.

Á tímabilinu var ráðinn nýr forstöðumaður og jafnframt teymisstjóri sem starfar nú fyrir bæði Vinaminni og Árblik, þar sem áður var aðeins teymisstjóri í Vinaminni. Með þessu hefur skapast meiri samfella í stjórn, stuðn- ingi og faglegu utanumhaldi yfir báðar einingarnar.

Hugmyndafræðin Þjónandi leiðsögn hefur verið innleidd í starfi beggja eininga og leiðir starfið áfram með áherslu á nærveru, virðingu og einstaklingsmiðaða þjónustu, hvort sem um er að ræða eldri borgara í Árblik eða einstaklinga með heilabilun í Vinaminni. Til að styðja við jákvætt starfsumhverfi hefur einnig verið innleiddur samskiptasáttmáli sem styrkir traust og uppbyggileg samskipti innan starfsmannahópsins.

Sett hafa verið skýr og uppfærð verklög sem gilda í báðum einingum, meðal annars um móttöku nýs starfsfólks og nýrra þjónustunotenda, viðbrögð við slysum og áföllum og verkferla vegna ógnandi hegðunar.

Umbætur sem varða þjónustuna við notendur hafa einnig verið umtalsverðar í báðum einingum. Þegar nýjar umsóknir berast er hver einstaklingur metinn sérstaklega til að tryggja að þjónustan sé viðeigandi og markviss fyrir viðkomandi, hvort heldur er í Árblik eða Vinaminni.

Í Vinaminni stendur starfsfólk jafnframt fyrir kertasölu tvisvar á ári og rennur allur ágóði til skemmtilegra viðburða og samverustunda fyrir þjónustunotendur þar.

Viss

VISS vinnu- og hæfingarstöð er sértækt þjónustuúrræði og jafnframt vinnustaður fyrir fatlað fólk frá 18 ára aldri. Á stöðinni er veitt hæfing, félagsþjálfun og starfsþjálfun með það að markmiði að efla virkni, sjálfstæði og þátttöku í samfélaginu. VISS er opin frá kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga. Starfsemin byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem vinnuaðstaða, viðfangsefni og stuðningur eru sniðin að þörfum og getu hvers starfsmanns. Lögð er áhersla á sjálfsefningu, jöfn tækifæri og fagleg vinnubrögð, auk þess að efla samskipti og samvinnu. Í lok árs 2025 störfuðu á VISS 40 fatlaðir starfsmenn og 10 leiðbeinendur.

Árið 2022 fór VISS vinnu- og hæfingarstöð í gegnum úttekt hjá Gæða- og eftirlitsstofnun þjónustu við fatlað fólk, samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Á árunum 2023–2025 hefur verið unnið markvisst að umbótum í kjölfar niðurstaðna gæðamatsins. Áhersla hefur verið lögð á skýrari verkferla, fagleg vinnubrögð og samræmingu vinnulags á öllum VISS-stöðvum á vegum Bergrisans. Þessi þróunarvinna er í stöðugri þróun.

Í byrjun árs 2025 var skynjunarherbergi tekið í notkun, með sérstakri áherslu á starfsmenn með minnstu starfsgetuna. Varðandi skipulag máltíða var í lok árs 2025 hætt að elda hádegismat á staðnum en í staðinn er matur sendur frá Stekkjaskóla og skiptast leiðbeinendur

og starfsmenn á að sinna eldhúsverkefnum. Sú breyting hefur mælst vel fyrir og fengið jákvæð viðbrögð.

Vallholt 27

Þjónustan í Vallholti 27 er búsetuúrræði fyrir börn, um er að ræða sólarhringsþjónustu sem tók til starfa 2019. Markmið þjónustunnar er að búa börnunum öruggt og barnvænt heimili, stuðla að velferð þeirra og vellíðan. Lögð er áhersla á að mæta einstaklingsbundnum þörfum barnanna fyrir líkamlegan, andlegan og félagslegan stuðning til aukins þroska og sjálfstæðis. Markmið þjónustunnar sem fram koma í einstaklingsbundinni þjónustuáætlun skulu vera unnin í samráði við forsjáraðila og börnin. Breytingar urðu á íbúum með tilkomu opunar á nýju búsetuúrræði, íbúar eru tveir.

Vallholt 9

Í Vallholti 9 búa fimm íbúar á aldrinum 39-56 ára með langvarandi og fjölþættar stuðningsþarfir. Undanfarin ár hefur bæði heilsufar versnað og stuðningsþörf aukist, sem kallar á sérhæfða, sveigjanlega og einstaklingsmiðaða þjónustu til að tryggja öryggi og vellíðan. Þörf fyrir aukna viðveru og stuðning hefur vaxið og þjónustan verið aðlöguð í takt við það, meðal annars með eflingu samstarfs við dagþjónustu og mótun viðveru þar eftir þörfum. Verklag hefur jafnframt verið endurskoðað og þróað til að mæta breyttum aðstæðum, með áherslu á fyrirsjáanleika, ró og stuðning við daglegt líf. Áfram verður unnið að þróun þjónustuforma sem styðja við auknar stuðningsþarfir og sjálfstæði íbúa.

Haustið 2025 fór starfsfólk í námsferð erlendis til að kynna sér þjónustuúrræði fyrir fatlað fólk. Ferðin styrkti faglegt samstarf og tengsl milli starfsfólks, sem hefur jákvæð áhrif á þjónustugæði.

Margar áskoranir geta fylgt því að búa í sameiginlegu húsnæði. Eftir því sem þarfir breytast eykst mikilvægi næðis og persónulegs rýmis, sem kallar á áframhaldandi rýni á búsetuformi, húsnæðislausnum og þjónustu til að tryggja vellíðan og öryggi íbúa. Gerðar hafa verið endurbætur á húsnæði og aðstöðu. Fyrir næsta ár er áætlað að bæta aðgengi og rými þannig að auðveldara sé að veita þjónustu og nýta hjálpartæki eftir þörfum.

Vallholt 12-14

Vallholt 12-14 er heimili fyrir fatlað fólk. Á heimilinu búa fimm einstaklingar á aldrinum 21-77 ára. Flestir íbúar sækja að einhverju leyti vinnu á Viss vinnu- og hæfingarstöð.

Öryrkjabandalag Íslands er eigandi hússins og Brynja, hússjóður þess, sér um útleigu íbúðanna. Húsið samanstendur af tveimur tveggja herbergja íbúðum og þremur einstaklingsíbúðum. Einnig er sameiginlegt rými og starfsmannaaðstaða.

Heildaráætlun fyrir Vallholt 12-14 er endurskoðuð árlega með það fyrir augum að gera þjónustuna við íbúa markvissari. Meginmarkmið með þjónustunni hér er að skapa íbúum heimili þar sem þeir geta búið á eigin forsendum og sinnt öllu því sem þá langar til að gera í félagsstörfum og samfélaginu, með þeirri aðstoð frá starfsfólki sem hver og einn þarf og kýs.

Nauthagi 2

Nauthagi 2 er heimili fyrir fatlað fólk. Íbúar eru 6 á aldrinum 21-48 ára, tvær konur og fjórir karlar. Fjórir íbúar sækja vinnu á Viss vinnu- og hæfingarstöð og á almennan vinnumarkað.

Arnardrangur, sem er dótturfélag Bergrisans bs, er eigandi hússins og leigir íbúðirnar út til íbúa hússins. Húsið er nýtt, byggt árið 2024 og tekið í notkun í maí sama ár. Það er 279 fermetrar að stærð og samanstendur af sex 48-50 m² einstaklingsíbúðum. Tvær stærri íbúðirnar eru hugsaðar fyrir einstaklinga í hjólastól eða þá sem þurfa á hjálpartækjum að halda. Auk rúmgóðra íbúða er starfsmannaaðstaða í húsinu.

Heildaráætlun fyrir Nauthaga 2 er endurskoðuð árlega með það fyrir augum að gera þjónustuna við íbúa markvissari. Meginmarkmið með þjónustunni er að skapa íbúum heimili þar sem þeir geta búið á eigin forsendum og sinnt öllu því sem þá langar til að gera í félagsstörfum og samfélaginu, með þeirri aðstoð frá starfsfólki sem hver og einn þarf og kýs. Til þess að ná þessum markmiðum er íbúum veitt aðstoð og stuðningur eftir þörfum hvers og eins og eru þeir alltaf hafðir með í ráðum um allt er varðar þeirra einkahagi.

Heimilið Birkihólar

Birkihólar 18 er heimili fyrir börn sem þurfa sértæka þjónustu, heimilið opnaði sumarið 2025. Á heimilinu er veitt bæði frístundaþjónusta og nám. Hlutverk heimilisins er að veita börnum með miklar þroska- og/eða geðraskanir öruggt og barnvænt heimili, stuðla að vellíðan, velferð og sjálfstæði þeirra og styðja þau til innihaldsríks lífs innan sem utan heimilis.

Markmið þjónustunnar er að mæta þörfum barns á heildstæðan, einstaklingsmiðaðan og sveigjanlegan hátt, stuðla að alhliða þroska, efla félags hæfni og sjálfstæði. Þjónustan skal taka mið af þroska, aldri og getu barns, virða friðhelgi þess og einkalíf og byggja á þátttöku barnsins sjálfs eftir því sem kostur er. Lögð er áhersla á stuðning sem eflir sjálfsmynd, sjálfsvirðingu, lífsgæði og getu barns til að takast á við daglegt líf.

Birkihólar 16


Á árinu 2025 hófst þróunarvinna að stuðningsúrræði fyrir fullorðin ungmenni meðan þau bíða eftir annarri þjónustu. Vinnan er komin vel á veg en áætlað er opna þjónustuna fljótlega á árinu 2026 og kynna hana betur í kjölfarið. ■

Þróun í velferðarþjónustu

Samræmd móttaka

Samræmd móttaka flóttafólks er þjónusta hugsuð fyrir þá einstaklinga sem fengið hafa dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða mannúðarsjónarmiða og þurfa stuðning við að ná fótfestu hér á landi. Sveitarfélagið Árborg hefur tekið þátt í verkefninu í samræmi við samning við félagsmálaráðuneytið sem hefur verið endurnýjaður árlega síðan 2021. Samningnum er ætlað að standa undir þeirri viðbótarþjónustu sem starfsfólk velferðarþjónustu þarf að veita vegna flóttafólks umfram aðra einstaklinga sem það sinnir. Að auki fær sveitarfélagið margvíslegan útlagðan kostnað endurgreiddan frá ríkinu í allt að tvö ár eftir að flóttafólk fær lögheimili á Íslandi.

Velferðarþjónusta sveitarfélagsins sá um að tryggja samfellda og fjölbreytta þjónustu við flóttafólk. Anna Katarzyna Wozniczka og Lena Rut Guðmundsdóttir voru málstjórar og tengiliðir milli allra þjónustuaðila. Þær sáu um að skrá börn í skóla og frístundir, tengja einstaklinga við heilbrigðisstofnanir og fylgja þeim eftir í einstaklingsmálum. Enn fremur sáu þær um aðstoða þá við gerð umsókna og skráningar í helstu kerfi. Þjónustan fól einnig í sér gerð stuðningsáætlana og tilvísana til Vinnumálastofnunar vegna atvinnuleitar, íslenskunáms og samfélagsfræðslu og eftirfylgni. Haldnir voru reglulegir stöðufundir með samstarfsaðilum - Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Rauða Krossinn og Vinnumálastofnun.



■ Fjöldi notenda í samræmdri móttöku flóttafólks á árunum 2023-2025

Á árunum 2023-25 fékk sveitarfélagið styrki vegna barna á flótta frá menntamálaráðuneytinu til að veita aukna fræðslu og stuðning fyrir starfsfólk og börn í leikskólum, grunnskólum og frístund. Sveitarfélagið fékk einnig styrkir vegna eftirfarandi þróunarverkefna innan samræmdrar móttöku: Sundnámskeið fyrir ósynda einstaklinga, Dansmeðferð fyrir flóttakonur, Virkniúrræði fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri og Vitundarvakning um málefni flóttafólks í nærsamfélagi.

UPPRUNALAND

Sýrland Súdan
Nígería Úkraína Írak
Palestína Venesúela
Kongó Sómalía
El Salvador Íran
Pakistan Afganistan

SES – samvinna eftir skilnað

Velferðarþjónusta Árborgar hefur innleitt skilnaðarráðgjöf og fræðsluverkefnið Samvinna eftir skilnað (SES) fyrir foreldra barna á aldrinum 0–18 ára. Markmið þjónustunnar er að koma í veg fyrir og/eða draga úr ágreiningi og efla foreldrasamvinnu með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að það sé ekki skilnaðurinn sjálfur sem veldur mestum skaða, heldur hvernig staðið er að honum gagnvart börnunum.

Til að tryggja faglega innleiðingu voru áhugasamir starfsmenn sendir á SES-námskeið og geta þeir í framhaldinu boðið upp á þjónustuna innan sveitarfélagsins. Foreldrum stendur til boða gagnreynt rafrænt námsefni á samvinnaeftirskilnad.is sem fjallar um áhrif skilnað-

ar á foreldra, viðbrögð barna og samvinnu foreldra. Jafnframt hefur Velferðarþjónusta Árborgar staðið fyrir tveimur námskeiðum undir yfirskriftinni Samvinna eftir skilnað – barnanna vegna. Þjónustan er foreldrum að kostnaðarlausu

SOFS Merki um öryggi

Á árinu 2025 hóf velferðarþjónusta Árborgar innleiðingu hugmyndafræðinnar Merki um öryggi (e. Signs of Safety, SOFS) í vinnslu mála er varða börn, í samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu sem leiðir innleiðingu verklagsins á landsvísu. Merki um öryggi er gagnreynd, styrkleika- og öryggismiðuð nálgun í barnavernd og velferðarþjónustu sem býður upp á samræmt verklag og hagnýt verkfæri til að vinna í nánú samstarfi við börn, foreldra og stuðningsnet þeirra. Nálgunin miðar að því að leggja kerfisbundið mat á bæði áhættuþætti og verndandi þætti í lífi barns, efla foreldra í uppeldislutverki, styrkja stuðningsnet fjölskyldna og draga úr þörf á íþyngjandi inngrípum og vistunum utan heimilis. Innleiðingin felur meðal annars í sér fræðslu og þjálfun starfsmanna, notkun samræmdra mats- og öryggisáætlna, aukna áherslu á rödd barnsins og markvissari þátttöku fjölskyldu og tengslanets hennar í allri ákvarðanatöku. Með þessu er unnið að því að samræma verklag barnaverndar í Árborg við landsáherslur stjórnvalda á árunum 2023–2027 og styrkja enn frekar gæði, gagnsæi og samræmi þjónustu við börn og fjölskyldur í sveitarfélaginu.

Öruggara Suðurland

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar tekur virkan þátt í verkefninu Öruggara Suðurland, sem er sameiginlegur samráðsvettvangur lögreglu, sveitarfélaga, heilbrigðisþjónustu og skólasamfélags á Suðurlandi um aðgerðir gegn ofbeldi, afbrotum og annarri áhættuhegðun. Verkefnið var sett á laggirnar í apríl 2024 og er markmið þess að efla forvarnir, bæta samhæfingu milli kerfa og tryggja heildstæða þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur. Fulltrúar fjölskyldusviðs taka þátt á samráðsfundum og öðrum vinnuhópum sem settir eru af stað vegna áskorana sem við stöndum frammi fyrir. Til að mynda var árið 2024 stofnaður spretthópur vegna aukinna áhyggna af ofbeldi og áhættuhegðun ungmenna. Þar var lögð áhersla á greiningarvinnu á stöðu lykilkáttanna sem snúa að málaflokknum, og hefur sú vinna leitt af sér markvissari úrbætur og viðbrögð við tilteknum áskorunum, til dæmis í tengslum við forvarnir, verklagsbreytingar og samhæfingu þjónustu. Þátttakan hefur þannig styrkt upplýsingaflæði milli aðila, stutt innleiðingu farsældarlaga með samþættri þjónustu í þágu barna og skilað sér í skýrari og samræmdari viðbrögðum

þegar upp koma alvarleg tilvik í samfélaginu. Í október árið 2025 var spretthópur settur af stað til að kortleggja áskoranir og tækifæri sem snúa að útihátíðum á Suðurlandi, með áherslu á að draga úr vímuefnanotkun unglinga á hátíðarsvæðum.

Samhæfingarteymi

Á árinu 2025 voru miklar breytingar í lífeyriskerfi ríkisins með áherslur á að auka stuðning fólks í endurhæfingu og koma í veg fyrir að fólk falli á milli kerfa og endi með ótímabært örorkumat. Einn partur af breytingunum var að koma á Samhæfingarteymi. Samhæfingarteymi er svæðisbundið, þverfaglegt samstarf þjónustuaðila sem hafa það hlutverk að tryggja samfellu og heildstæða nálgun í endurhæfingu einstaklinga sem þurfa þjónustu fleiri en eins aðila eða lenda á milli kerfa. Teymið er skipað fulltrúum Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnumálastofnunar, heilbrigðisstofnana og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Árborg tekur þátt í samhæfingarteyminu í gegnum velferðarþjónustu sveitarfélagsins og vinnur þar með öðrum þjónustuaðilum að því að samræma þjónustu, styttu bið, auka yfirsýn og bæta stuðning við einstaklinga með fjölþættan vanda.

Gott að eldast þróunarverkefni

Árborg var valið til þátttöku í þróunarverkefni Gott að eldast sem er verkefni sem sett var af stað af Félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra. Verkefnið hófst árið 2023 og markmið verkefnisins var að móta framtíðarsýn og bæta þjónustu við eldra fólk á réttan hátt, á réttum tíma, draga úr skaðlegri og ótímabærri þjónustu og draga úr félagslegri einangrun. Félagsleg stuðningsþjónusta hóf vegferð að breytingum og bættri þjónustu nokkuð áður og gaf þetta góðan kraft og stuðning í það verkefni. Hluti af því verkefni var aukið samstarf við heimahjúkrun og samræmd þjónusta til að hún nýttist íbúum sveitarfélagsins sem best. Settir voru á fundir tvisvar í viku þar sem farið er yfir nýjar umsóknir og staða notenda rædd, s.s. þörf fyrir aukna þjónustu og breytingar á færni eða heilsufari sem þörf er á aðkomu heimahjúkrunar eða stuðningsþjónustu. Þar sem þörf er á aðkomu beggja er farið í sameiginleg mót sem og verkum skipt þannig að hún mæti þörfum fólks sem best. Samstarfið hefur gengið vel, bætt- og aukið samfellu í þjónustu við einstaklinga sem þurfa aðstoð heim. ■

Frístundaþjónusta

Sameiginleg gildi fyrir frístundastarf í sveitarfélaginu eru: Fjölbreytileiki, samvinna, gleði og traust. Þessi gildi endurspeglast í allri stefnumótun og framkvæmd frístundaþjónustu Árborgar og eru leiðarljós í daglegu starfi með börnum.

Frístundaheimili Árborgar

Í Árborg eru fjögur frístundaheimili; Bifröst, Bjarkarból, Hólar og Stjörnusteinar. Þau eru opin eftir að skipulögðu skólastarfi líkur á virkum dögum, kl. 13:00 - 16:15 og á milli kl. 8:00 og 16:15 þegar frí er í skóla. Í upphafi árs 2025 voru 346 börn skráð á frístundaheimili Árborgar í 1.-4. bekk, þar af nýttu yfir 90% barna á 1. og 2. bekk þjónustuna. Frístundaheimilin gegna lykilhlutverki í daglegu lífi barna með faglegu frístundastarfi sem stuðlar að félagsfærni, sjálfstrausti og öruggu umhverfi þar sem börn geta tekið þátt í skapandi leik og samveru. Starfið styður fjölskyldur og dregur úr álagi á skóla- og velferðarkerfið með skipulögðu og uppbyggilegu frístundastarfi. Sérstaklega er hugað að því að virkja börn sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna sérþæks vanda eða félagslegrar stöðu. Frístundaheimilin hafa það að markmiði að vera framsækið afl í frístundamálum og bjóða börnum að taka þátt í frístundastarfi

með uppeldis- og menntunargildi miðað við aldur og þroska. Einnig er boðið upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi undir handleiðslu starfsfólks. Starfið byggir á virkri þátttöku, reynslunámi, lýðræði og réttindum barna.

Skipulag og mönnun frístundaheimila hefur bein áhrif á gæði þjónustunnar. Hagræðingaraðgerðir vorið 2023 leiddi til þess að aðstoðarforstöðumannastöður voru lagðar niður, sem dró úr getu frístundaheimilanna til að halda úti faglegu og sérhæfðu frístundastarfi. Þar til nýverið var forstöðumaður eini fagmenntaði starfsmaðurinn á hverju frístundaheimili. Nú hefur mönnun verið styrkt með sérfræðingum við flest frístundaheimili en annað starfsfólk er að mestu ófagmenntaðir frístundaleiðbeinendur. Til að efla faglega umgjörð frístundaheimilanna hóf faglegur ráðgjafi störf haustið 2025. Hlutverk hans er að samræma vinnulag, veita faglega ráðgjöf og stuðla að þróun starfsins. Í samstarfi við þroskaþjálfara er unnið að því að tryggja markvissa og samræmda þjónustu fyrir börn með sérþækar stuðningsþarfir, sem styrkir faglegt starf, stuðning við starfsfólk og heildargæði frístundastarfsins.

Bifröst

Bifröst er elsta frístundaheimili Árborgar og er staðsett í sérhúsnæði á lóð Vallaskóla. Frístundaheimilið hefur þróast í sjálfstætt húsnæði ætlað frístundastarfi barna í 1.- 4. bekk, með það að markmiði að skapa öruggt og uppbyggilegt umhverfi fyrir leik, sköpun og félagslega þátttöku. Með ráðningu fleiri fagmenntaðra starfsmanna hefur starfsemin styrkst og þróast með fjölbreyttu klúbbastarfi og skapandi verkefnum sem eykur þátttöku barna. Húsnæðið hefur verið betrubætt með rólegu rými, listasmiðju, klúbbaherbergi og sérútbúnu rými fyrir börn í 3.- 4. bekk. Þá hefur húsnæðið einnig verið nýtt fyrir hádegi af skólanum sem sérúrræði og af dagforeldrum og foreldrum barna sem ekki hafa fengið pláss í leikskóla, sem tryggir fjölbreytta nýtingu.

Bjarkarból

Í starfsemi frístundaheimilisins Bjarkarbóls er lögð mikil áhersla á barnalýðræði, góða menningu, samvinnu og hreyfingu. Húsnæðismál Bjarkarbóls hafa verið áskorun undanfarin ár. Bjarkarból starfaði frá haustinu 2022 til 2025 í færanlegum kennslustofum á lóð Stekkjaskóla með þröngum rýmum sem deildust með skóla og leikskóla. Þrátt fyrir aðstæður nýttu um 90 börn þjónustuna



og starfið gekk vel með mikilli aðlögunarhæfni starfsfólks. Haustið 2025 flutti Bjarkarból í rými innan Stekkjaskóla sem tryggir mun betri aðstöðu.

Hólar

Frístundaheimilið Hólar starfar í samnýttu húsnæði með skóla, sem hefur í tæp 20 ár skapað áskoranir við skipulag dagskrár, uppbrot og þátttöku barna. Þrátt fyrir þessar aðstæður hefur starfsemin þróast í fjölbreyttu frístundastarfi. Fagleg leiðsögn og stuðningur þroskaþjálfna hefur skilað góðum árangri við að mæta þörfum barna með sérþarfir. Skipulag með valtöflu, klúbbastarf og samstarf við skóla tryggir virka þátttöku barna í dagskránni og stuðlar að markvissri nýtingu rýma.

Stjörnusteinar


Á frístundaheimilinu Stjörnusteinum hefur verið unnið markvisst að eflingu faglegs starfs með aukinni fræðslu starfsfólks og skýrri faglegri nálgun, sem hefur skilað sér í auknum gæðum þjónustunnar og fjölgun barna. Starfið byggir á barnalýðræði, Frístundalæsi og sjónrænum leiðbeiningum sem efla sjálfstæði og virkni barna. Leiksvæði eru skýrt afmörkuð, merkt með myndum og velja börnin sér viðfangsefni með því að setja eigin mynd á valtöflu. Sérstök áhersla er lögð á að börnin taki þátt í skipulagningu starfsins ásamt því að efla tilfinningalæsi þeirra, sem styrkir félagsfærni, vellíðan og þátttöku í frístundastarfinu.

Sumarfrístund

Sumarfrístund er samstarfsverkefni allra frístundaheimila Árborgar og hefur það að markmiði að veita börnum í 1.–4. bekk öflugra, fjölbreyttra og skipulagðra dagskrá yfir sumartímamann. Starfið er skipulagt í kringum hverja viku í senn með ólíkt þema þar sem nýtt er nánasta umhverfi frístundaheimilisins og svæðið á Suðurlandi til útveru, hreyfingar og skapandi verkefna. Samhliða sumarfrístund er einnig boðið upp á aðlögunarnámskeið fyrir börn sem hefja grunnskólagöngu. Námskeiðið undirbýr börn fyrir þátttöku í vetrarstarfi með því að kynna þau fyrir starfsfólki, dagskipulagi og jafnöldrum.

Eldheimar

Frístundaheimilið Eldheimar var safnfrístund fyrir börn í 3. og 4. bekk á Selfossi frá haustinu 2023 til vors 2025. Starfsemin sameinaði þennan aldurshóp á einn stað, sem skapaði betri skilyrði fyrir fjölbreyttra dagskrá, klúbbastarf og sérhæfð viðfangsefni. Safnfrístundin var staðsett miðsvæðis á Selfossi og tók þátt í fjölbreytt-



um menningar- og samfélagsverkefnum fyrir börn. Starfsemin byggði á barnalýðræði og virkri þátttöku barna í skipulagningu dagskrár, með klúbbum og verkefnum sem tóku mið af áhuga þeirra. Safnfrístundin gegndi mikilvægu hlutverki sem brú milli frístundaheimila yngri barna og frístundamiðstöðvar eldri barna og studdi þannig við samfellu í frístundaþjónustu sveitarfélagsins. Vorið 2025 var ákveðið að færa starfsemina aftur inn í hvern og einn grunnskóla m.a. vegna áskorana í húsnæðismálum.

Kletturinn

Kletturinn hóf starfsemi sína í byrjun október 2021 og hefur aðsetur í Pakkhúsinu við Austurveg 2A og eru stofnanir innan hússins í miklu samstarfi sem hefur með sér mikinn ávinning. Hlutverk Klettsins er að bjóða grunnskólanemendum í 5.-10. bekk sem þurfa á sértækum stuðningi að halda uppá skapandi frístundastarf að hefðbundnum skóladegi loknum. Lögð er áhersla á að bjóða börnum uppá fjölbreytt starf sem hentar hverjum og einum ásamt því að efla félagslegan þroska þar sem þeim er mætt með virðingu og hlýju. Unnið er með áhugasvið bæði starfsmanna og þátttakenda, sem leiðir til aukinnar virkni og þátttöku. Í Klettinum fá börn og unglingar tækifæri til að blómstra þar sem þau hafa styrkleika og lögð er áhersla á að auka sjálfsöryggi þeirra.

Kletturinn er í nánú samstarfi við grunnskóla Árborgar, barnateymi velferðarþjónustu og aðra aðila. Ráðgjafar, kennarar, deildarstjórar o.fl. vísa foreldrum barna á Klettinn og er þeim boðið að leggja inn umsókn.

Kotið

Frístundaklúbburinn Kotið er sértækt frístundaúrræði fyrir grunnskólanemendur í 5.-10. bekk með sérþarfir í Sveitarfélaginu Árborg. Starfið er ætlað börnum og unglingum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og falla undir skilgreiningu laga um málefni fatlaðs fólks. Þátttaka í frístundaklúbbnum er háð inntökuskilyrðum og fer fram í nánú samstarfi við foreldra og fagfólk.

Markmið frístundaklúbbsins er að efla gæði félagslegs frístundastarfs fyrir börn og unglinga með fötlun og að styrkja félagslegan þroska þátttakenda, sjálfsmynd þeirra og stuðla að alhliða þroska og heilbrigði þeirra. Lögð er áhersla á góða samvinnu milli starfsfólks og foreldra, ásamt því að mæta hverjum og einum á hans forsendum og veita þjónustu við hæfi. Unnið er markvisst með þarfir einstaklingsins í huga og lögð áhersla er á að skapa öruggt og styðjandi umhverfi þar sem þátttakendur geta notið sín og eflst félagslega. Starfið skiptist í skipulögð verkefni og frjálsan tíma þar sem þátttakendur fá tækifæri til að velja sér verkefni út frá eigin áhugasviði. Með þessu er stuðlað að auknu sjálfstæði, öryggi í hóp og aukinni ánægju af þátttöku í félagsstarfi. Starfið skiptist í skipulögð verkefni og frjálsan tíma þar sem þátttakendur fá tækifæri til að velja sér verkefni út frá eigin áhugasviði. Með þessu er stuðlað að auknu sjálfstæði, öryggi í hóp og aukinni ánægju af þátttöku í félagsstarfi.

Aðstaða frístundaklúbbsins var áður í Glaðheimum við Tryggvagötu 36 á Selfossi, en haustið 2023 flutti Kotið starfsemi sína í Valhöll að Tryggvagötu 23A á Selfossi. Flutningurinn fól í sér bættu aðstöðu, sem hefur styrkt möguleika á fjölbreyttara og markvissara frístundastarfi. Frá haustinu 2023 deildi Kotið húsnæði með safnfrístundinni Eldheimum, en í dag deilir starfsemi húsnæði með Vallaskóla sem hefur aukið samstarf, stuðlað að betri nýtingu húsnæðis og styrkt samskipti milli skóla og frístundastarfs.

Kópurinn

Kópurinn er frístundaklúbbur fyrir framhaldsskólanema á sérnámsbraut FSu. Kópurinn hóf starfsemi haustið 2019. Kópurinn vinnur einstaklingsmiðað og sníður öflugt frístundastarf að þörfum notenda. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu t.a.m. með því að auka sjálfstæði og ábyrgð. Um er að ræða sértækt frístundaúrræði eftir skóla sem er opið alla virka daga yfir skólaárið eða frá miðjum ágúst út maí. Unnið er í nánú samstarfi við FSu, barna- og fullorðinsteymi og foreldra. Kópurinn deilir húsnæði með öðrum stofnunum þar sem er mikið samstarfi sem hefur með sér mikinn ávinning.

Selurinn

Selurinn er félagsmiðstöð fyrir fólk með fatlanir á Suðurlandi. Dagskrá er unnin í samstarfi við notendur og er gefin út mánaðarlega. Megináhersla er að skapa gott og öruggt umhverfi þar sem notendur geta komið saman og tekið þátt í öfluglu félagsmiðstöðvarstarfi með það að markmiði að efla félagsfærni og virkni.

Ungmennahúsið Pakkhúsið

Pakkhúsið þjónustar ungmenni á aldrinum 16–25 ára. Starfsemi byggir á hugmyndafræði ungmennalýðræðis, reynslunáms og virkrar þátttöku, þar sem markmið er að efla félagsfærni, sjálfsmynd, lýðræðisvitund og samfélagslega virkni ungmenna í öruggu og styðjandi umhverfi.

Á síðustu árum hefur starfsemi Ungmennahússins Pakkhússins tekið markvissa stefnumótandi breytingu. Opið félagsstarf hefur verið dregið saman að hluta, samhliða því að aukin áhersla hefur verið lögð á skipulagt hópastarf. Með aukinni áherslu á hópastarf hefur skapast rými til að vinna dýpra og markvissar með afmarkaða hópa ungmenna, meðal annars með það að markmiði að efla félagslega hæfni, draga úr áhættuhegðun og styðja við jákvæða sjálfsmynd.

Hópastarf er því í dag ein af burðarstöðum starfseminnar og endurspeglar fjölbreytileika áhuga og aðstæðna ungs fólks í Árborg. Meðal stærstu og rótgrónustu verkefnanna er reglubundið Dungeons & Dragons (D&D) starf, þar sem margir hópar hittast vikulega. Auk þess hefur verið unnið með fjölbreytta hópa, meðal annars stuðningshópa, skapandi hópa, námskeið í samstarfi við aðrar stofnanir og hópastarf sem miðar sérstaklega að ungmennum sem þurfa aukinn félagslegan stuðning. Hópastarfið er sveigjanlegt og mótast af hugmyndum og þátttöku ungmennanna sjálfra.

Pakkhúsið er í miklu samstarfi við Nemendafélag Fjölbrotaskóla Suðurlands. Samanstanda þau að fjölbreyttum viðburðum fyrir ungmenni á borð við jóla- kvöld, Super Bowl og fifa mót.

Zelsíuz

Zelsíuz er öflug og fjölbreytt félagsmiðstöð fyrir börn og ungmenni í Árborg, þar sem lögð er sérstök áhersla á þátttöku, öryggi, valdeflingu og sköpun. Starfið byggir á sterkum grunngildum og ríku samfélagi ungs fólks sem tekur virkan þátt í mótun dagskrár og verkefna.

Mannauðurinn er einn af helstu styrkleikum Zelsíuz. Þar starfar faglegt, fjölbreytt og metnaðarfullt teymi sem


hefur djúpan skilning á þörfum ungmenna og vinnur markvisst að því að skapa jákvætt, aðgengilegt og styðjandi umhverfi. Samstarf við skóla, velferðarþjónustu, ungmennahúsið, frístundaklúbba og fjölmarga aðra aðila styrkir enn frekar samfellu og gæði þjónustunnar.

Með öflugu ungmennalýðræði, skapandi verkefnum, sérhæfðu stuðningsstarfi og fjölbreyttri dagskrá hefur Zelsíuz fest sig í sessi sem lykilvettvangur í forvörnum. Félagsfærni og tengslamyndun barna og ungmenna í Árborg.

Hinsegin opnanir

Í samstarfi við Ungmennahúsið Pakkhúsið heldur Zelsíuz úti hinsegin opnunum á fimmtudögum fyrir ungmenni í 8. bekk og eldri. Opnanirnar bjóða upp á öruggt og styðjandi rými fyrir ungmenni sem tilheyra hinsegin samfélaginu, eru í hinsegin þælingum eða vilja styðja vini sína og fræðast um málefnið.

Þátttaka í hinsegin opnunum hefur aukist verulega síðustu tvö ár, bæði í fjölda gesta og reglulegri mætingu. Ungmenni hafa sýnt meiri virkni og sterkari tengsl hafa myndast. Hinsegin Zelsíuz tók í fyrsta sinn þátt í Hinsegin Landsmóti Samfés vorið 2025 og stefnt er að áframhaldandi þátttöku.



Flakkandi Zelsíuz

Sumarið 2025 fór af stað Flakkandi Zelsíuz, það er hreyfanlegt sumarstarf félagsmiðstöðvarinnar sem mætir ungu fólki í nærumhverfi sínu og á opinberum vettvangi. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, forvarnir, tengslamyndun og að tryggja að börn og ungmenni hafi öruggan og aðgengilegan aðila til stuðnings. Verkefnið fékk styrk frá Kvenfélagi Selfoss sem gerði því kleift að halda úti fjölbreyttri dagskrá yfir sumarið.

Starfið byggir á grunngildum Zelsíuz; þátttöku, trausti, fjölbreytileika og gleði og nær til staða utan hefðbundins félagsmiðstöðvarstarfs, svo sem samkomustaða, íbúðahverfa og bæjarhátíða.

Flakkandi Zelsíuz starfar í náinni samvinnu við velferðarþjónustu, lögreglu og forvarnarfulltrúa Árborgar. Á mánudögum yfir sumarið eru reglulegir samráðsfundir þar sem farið er yfir stöðu mála, rætt um aðstæður og samræmd viðbrögð ef þörf krefur.

Starfið hefur reynst árangursríkt í að ná til ungmenna sem síður tengjast hefðbundnu starfi og styrkir heildstæða þjónustu Zelsíuz við börn og ungmenni í Árborg.

Hlutverkaspil (D&D)

Hlutverkaspilaklúbbar hafa verið stór hluti af starfi félagsmiðstöðvarinnar og ungmennahússins undanfarin ár. Dungeons & Dragons er hlutverkaspil sem hefur vaxið gríðarlega hjá félagsmiðstöðinni Zelsíuz og Ungmennahúsinu Pakkhúsinu síðustu misseri. Í félagsmiðstöðinni hafa verið um 50–60 unglingar að spila vikulega og í ungmennahúsinu spila um 80–100 ungmenni í hverri viku. Þar með er D&D fjölmennasta og virkasta hópastarf í frístundahúsum Árborgar.

Ávinningurinn af þátttöku í hlutverkaspilaklúbbum er fjölbættur. Spilið styrkir félagsfærni, samvinnu og samskipti þar sem ungmenni þurfa að vinna saman, leysa vandamál og skapa sameiginlega sögu. Það eflir líka ímyndunarafl, sköpun, læsi og frásagnarhæfni, ásamt því að byggja upp sjálfstraust og félagsleg tengsl í öruggu og jákvæðu rými. Margir finna þar sinn hóp, tilheyra og fá vettvang til að blómstra á sínum forsendum. D&D stuðlar að aukinni virkni, vellíðan og þátttöku ungs fólks í Árborg.

Ungmennaráð Árborgar

Ungmennaráð Árborgar samanstendur af fulltrúum ungmenna víðs vegar úr sveitarfélaginu og hefur unnið markvisst að því að greina áskoranir og tækifæri í nærumhverfinu. Starf Ungmennaráðs Árborgar styrkir lýðræðisvitund ungmenna, eykur færni þeirra í samræðu og þátttöku og byggir upp dýrmæta reynslu sem nýtist þeim til framtíðar. Með árlegri innkomu á bæjarstjórnarfundi, viðburðahaldi og alþjóðlegu samstarfi leggur ungmennaráðið sitt af mörkum til samfélagsins í Árborg.

Árlegt Ungmennanæving er einn af hornsteinum starfsins. Þar kynnist ungt fólk starfsemi ungmennaráðs, ræðir samfélagsmál sem skipta það máli og getur boðið sig fram til setu í ráðinu. Síðasta Ungmennanæving var haldið í febrúar 2025 í Vallaskóla og var vel sótt. Þar var fjallað um margvísleg málefni, meðal annars íþróttir og menningu, hinsegin málefni og framtíðarsýn fyrir betri Árborg. Þingið sameinaði fræðslu, umræðu og jafningjastarf og stuðlaði að virkri þátttöku ungmenna.

Ungmennaráðið hefur jafnframt staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum sem miða að lýðræðislegri þátttöku og samfélagslegri umræðu. Þar má nefna miðnæturofnun í Sundhöll Selfoss, sem haldin er í október í tilefni menningarmánaðar og hefur fest sig í sessi sem vinsæll viðburður meðal ungmenna. Þá hélt ráðið pallborðsumræður í tengslum við Alþingiskosningar, þar sem fulltrúar stjórnmalaflokka í Suðurkjördæmi komu saman til umræðu. Viðburðurinn laðaði að sér fjölbreyttan hóp gesta og skapaði vettvang fyrir opna og málefnalega umræðu milli kynslóða.

Ungmennin sinna fjölbreyttum verkefnum sem lúta meðal annars að umhirðu grænna svæða, umhverfisverkefnum, almennri fegrun og samfélagslegum verkefnum innan sveitarfélagsins. Verkefni eru skipulögð með það að markmiði að þau séu bæði uppbyggileg og lærdómsrík, án þess að ganga inn á hefðbundinn vinnumarkað. ■

Ungmennaráðið hefur jafnframt staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum sem miða að lýðræðislegri þátttöku og samfélagslegri umræðu. Þar má nefna miðnæturofnun í Sundhöll Selfoss, sem haldin er í október í tilefni menningarmánaðar og hefur fest sig í sessi sem vinsæll viðburður meðal ungmenna.

Hluti ungmennaráðsins tók einnig þátt í alþjóðlegu ungmennaskiptaverkefni á vegum Erasmus+. Í júlí 2025 dvaldi hópurinn í Neukölln í Berlín í tvær vikur, þar sem þema verkefnisins var þátttaka ungmenna, lýðræði og Evrópusamstarf. Í ferðinni fengu þátttakendur innsýn í stjórnmal og samfélag í Þýskalandi, meðal annars með heimsókn í Þýska Þinghúsið, samtali við borgarstjóra Neukölln og kynningu á starfsemi ungmennaráðs í Berlín. Í framhaldinu kom Þýski hópurinn í heimsókn til Íslands í september og var unnið áfram að verkefninu hér heima.

Vinnuskólinn

Vinnuskóli Árborgar gegnir veigamiklu hlutverki í uppeldi og starfsþjálfun ungmenna í sveitarfélaginu. Markmið vinnuskólans er að veita unglingum tækifæri til að kynna vinnumarkaðinum, læra ábyrg vinnubrögð og taka virkan þátt í samfélaginu, samhliða því að styrkja félagsfærni, sjálfstæði og vinnusiðferði.

Starfsemi vinnuskólans fer að mestu fram yfir sumartímam og er ætluð ungmennum á aldrinum 13–17 ára.



Stefnumarkandi verkefni

Menntastefna Árborgar - Vegur til visku og velferðar

Ný menntastefna fyrir sveitarfélagið Árborg var gefin út 20. ágúst 2024 eftir mikla þverfaglega vinnu stýrihóps, ritnefndar og rýnihópa, með aðkomu nemenda, foreldra og starfsfólks leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla, íþróttahreyfingar og frístundapjónustu. Menntastefnan, sem fékk heitið Vegur til visku og velferðar, byggir á Menntastefnu stjórnvalda til 2030, grunnþáttum menntunar og gildandi aðalnámskrám leik- og grunnskóla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðunum.

Meginmarkmið menntastefnu Árborgar er að veita öllum börnum og unglingum í Árborg jafnan aðgang að framúrskarandi og inngildandi menntun og frístundastarfi í öruggu, fjölbreyttu og áhugahvetjandi umhverfi. Börn og unglingar hafi jöfn tækifæri til að þroska og rækta hæfni sína í námi og leik og njóti farsældar í daglegu lífi þar sem áhersla er lögð á virðingu fyrir einstaklingnum og umhverfinu, jákvæða sjálfsmynd, vellíðan og góða félagsfærni.

Menntastefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og unglingum í Árborg og 6 stoðum sem styðja við og eiga að ná utan um áherslur stefnunnar. Leiðarljósín eru; Farsæld í fyrirrúmi, Fjölbreytileiki og Faglegt lærdómssamfélag. Stoðirnar eru; Vellíðan í öndvegi, jöfn tækifæri, gæðamenntun, hæfni fyrir framtíðina og umhverfi og samfélag.

Til að styðja við innleiðingu stefnunnar voru öll markmið hennar aðgerðabundin og gefin út aðgerða- og gæðahandbók sem inniheldur gæðaviðmið og matskvarða sem notaðir eru í innra mati leik- og grunnskóla, auk frístundastofnana. Stefnan er að því að á næstu þremur árum náum við að fara í gegnum öll gæðaviðmiðin og fáum þannig góða mynd af öllu innra starfi skóla- og frístundastofnana.

Læsisstefna Árborgar - Læsi til lífs og leiks

Læsisstefna Árborgar var gefin út 20. ágúst 2025 og ber heitið Læsi til lífs og leiks. Stefnan er ein af undirstefnum Menntastefnu Árborgar og er afrakstur þverfaglegar vinnu fulltrúa leik- og grunnskóla, frístundastofnana og

skólapijónustu en auk þess var óskað eftir ábendingum foreldra varðandi stefnuna.

Meginmarkmið læsisstefnunnar er að börn og unglingar geti lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnn hátt með ritað mál, tölur, myndir og tákni og skapað þannig merkingu sem nýtist þeim til gagns og ánægju í námi og leik. Læsisstefnunni er ætlað að stuðla að því að börn og unglingar verði virkir þátttakendur í samfélaginu og fái jöfn tækifæri til að þroska með sér læsi í víðum skilningi. Gott samstarf heimila, skóla- og frístundastarfs gegnir veigamiklu hlutverki til að börn og unglingar njóti farsældar í daglegu lífi og öðlist hæfni sem nýtist þeim til framtíðar.

Læsisstefnan skiptist í tvo meginkafla, annars vegar málþroska, lestur og ritun og hins vegar læsi í víðum skilningi. Hver kafla ber nokkra undirflokkar þar sem ítarlega er farið yfir áherslur og markmið. Sérstök áhersla er lögð á hlutverk heimila og samstarf við skóla- og frístundastarf. Öflugt samstarf heimila og skóla er í þessu sem öðru lykillinn að farsælu læsinnámi.

Samhliða læsisstefnunni var útbúin rafræn verkfærakista sem hugsuð er til stuðnings við starfsfólk, foreldra og aðra áhugasama við að útfæra markmið læsisstefnunnar. Verkfærakistan hefur að geyma verkefnaskapara og ráðgjafa sem hægt er að leita til sem og góða tenglasíðu og almenna leit. Áfram er unnið að þróun verkfærakistunnar sem verður vonandi áfram það öfluga hjálparkæki sem henni er ætlað að vera.

Frumkvöðlasveitarfélag - Farsæld barna

Sveitarfélagið Árborg var eitt af fjórum frumkvöðlasveitarfélögum í innleiðingu farsældar barna á grundvelli þriggja ára samnings 2022–2025. Unnið er eftir lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem veita snemmtækan og markvissan stuðning. Farsældarþjónustan er skipulögð í stig, þar sem grunnþjónusta er öll almenn þjónusta fyrir börn. Snemmtæk þjónusta á 1. stigi mynda fyrsta stuðningslagið, sértæk þjónusta á 2. stigi bætist við þegar þörf er á meiri utanumhaldi, teymisvinnu og einstaklingsmiðaðri nálgun. Sérhæfð þjónusta á 3. stigi tekur við þegar um flókinn og fjölbættan vanda er að ræða. Tengiliðir starfa fyrst og fremst á 1. stigi í leik- og grunnskólum og sinna upplýsingagjöf, frummati og samþættingu stuðnings.

Málstjórar á 2. og 3. stigi, í barnateymi og barnavernd, samhæfa þjónustu milli kerfa og hafa heildaryfirsýn yfir mál barnsins. Þannig er tryggt að rétt þjónustustig og réttur aðili bregðist við hverju barni á réttum tíma.

8-viti æskunnar

Í apríl 2025 fór 20 manna þverfaglegur hópur starfsmanna á fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Árborgar til Malmö og Ystvad í Svíþjóð með stuðningi Erasmus+ styrks. Markmið ferðarinnar var að kynna sér úrræði og starfshætti sem styðja við velferð barna og ungs fólks. Í Ystad fékk hópurinn kynningu á aðferðinni Backa barnet, sem á margan hátt á samhljóm með farsældarvinnu hér á Íslandi. Framsetning Svíanna vakti sérstaklega mikla hrifningu, notkun lita, tákna og einfalds framsetningarforms gerir aðferðina aðgengilega, skýra og mjög sýnilega. Áherslan á að styrkja rödd barna og gera farsæld þeirra áberandi í daglegu starfi varð til þess að ákveðið var að innleiða sambærilega aðferðafræði í Árborg. Eftir að hafa fengið leyfi frá forsvarsmönnum Backa barnet varð til 8-viti æskunnar.


8-viti æskunnar er samtalsverkfæri sem veitir sameiginlegt tungumál til að ræða líðan, stöðu og þarfir barna. Markmiðið er að gera foreldrum, fagfólki og börnum kleift að ræða það sem skiptir máli á einfaldan og sjónrænan hátt. Verkfærið er hluti af farsældarvinnu fyrir öll börn í Árborg, allt frá meðgöngu til 18 ára aldurs.

8-vitinn byggir á átta litum og táknum. Á bak við þau eru spurningar og leiðbeiningar sem styðja við uppbyggileg samtöl, ekki sem próf eða mat, heldur til að skilja betur hvernig barni líður á tilteknum tíma. Meginmarkmiðið er að börnin sjálf fái rými og rödd og læri að tjá tilfinningar og upplifun á sínum forsendum, með litum, myndum eða einföldum orðum.

Með sameiginlegu orðfæri og táknum verður samstarf foreldra, skóla, heilsugæslu og annarra sem koma að velferð barna markvissara. Þannig verður tryggt að barnið sé virkur þátttakandi í samtalinu og að allir vinni út frá sama skilningi. Aðgengilegar leiðbeiningar og fræðsla eiga að styðja við notkun 8-vitans í daglegu lífi á heimilum, í skólastofu, frístund eða í stuðningsamtölum.

Með reglulegu samtali og notkun 8-vitans má greina vanlíðan fyrr og bregðast við áður en vandamál festast í sessi eða þróast í alvarlegri áskoranir. Innleiðingin er víðtæk og unnin í samstarfi við fjölmargar stofnanir innan og utan sveitarfélagsins. Tákn og litir verða jafnframt sýnilegir í umhverfi barna um allt sveitarfélagið, svo sameiginlegt tungumál um líðan barna verði hluti af daglegu lífi.

Í heild sinni er 8-viti æskunnar hugsaður sem órjúfanlegur hluti af farsæld barna. Þættirnir átta mynda saman heildstæðan samtalsáttavita, þar sem hver þáttur styður og styrkir hina. Þannig vefjast 8-vitinn og farsældarhugmyndafræðin utan um hvort annað, vitarnir gera farsældina sýnilega og skiljanlega í framkvæmd, á sama tíma og farsældin gefur 8-vitanum tilgang, umgjörð og sameiginlega framtíðarsýn, í þágu þess að öll börn fái að dafna og þroskast á eigin forsendum. ■



■ 8-viti æskunnar er samtalsverkfæri sem veitir sameiginlegt tungumál til að ræða líðan, stöðu og þarfir barna.

Ýmis þverfagleg verkefni

Fræðslukvöld

Fræðsla og forvarnarstarf er veigamikill þáttur í starfsemi fjölskyldusviðs og byggir á þeirri sýn að farsæld einstaklinga og samfélagsins alls sé sameiginlegt verkefni. Fræðslan nær til íbúa á ólíkum lífskeiðum og tekur mið af fjölbreyttum aðstæðum, þörfum og hlutverkum innan samfélagsins.

Í mars 2024 var haldinn súpufundur í samstarfi forvarnarteymis Árborgar, fjölskyldusviðs og Lögreglunnar á Suðurlandi. Á fundinum var fjallað um hvernig samfélagið getur stutt við farsæld barna. Samfélagslögreglan kynnti starf sitt, helstu áskoranir í nútímasamfélagi og hlutverk lögreglunnar þegar kemur að velferð og öryggi barna og ungmenna.

Í september 2024 var haldinn opinn fundur fyrir foreldra, forráðamenn og aðra aðila sem koma að hagsmunum barna í 7.–10. bekk í Árborg. Dagskrá kvöldsins innihélt stutt erindi frá aðilum í nærsamfélaginu sem deildu þekkingu sinni og reynslu. Gestir fundarins fengu jafnframt tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum og tillögum að aðgerðum. Markmið fundarins var að skapa uppbyggilegar samræður og hvetja til samstöðu um hvernig hægt er að styðja við vellíðan og öryggi barna í sveitarfélaginu.

Haldin var fræðsla í samstarfi við Heimili og skóli í desember 2024 þar sem fjallað var um stafrænt uppeldi. Þar var farið yfir mikilvægi þess að skapa jákvætt umhverfi í tengslum við miðlanotkun, efla traust og samtal milli barna og foreldra og hvernig foreldrar geta best stutt börn sín í netnotkun og nethegðun. Foreldrar fengu einnig hagnýt verkfæri til að takast á við erfiðar eða óþægilegar aðstæður sem geta komið upp á netinu.

Í maí 2025 var haldið fræðsluerindi með Ársæli Má Arnarsyni sem bar heitið Listin að vera leiðinlegt foreldri. Í erindinu fjallaði Ársæll um mikilvægi þess að foreldrar axli ábyrgð, setji skýr mörk og standi með sínum gildum, jafnvel þegar það reynist börnum erfitt. Erindið byggði á hlýju, festu og traustum tengslum í uppeldi og var sett fram á lifandi og aðgengilegan hátt með humor og alvöru í bland.

Samtalsfundur í krafti okkar allra var haldin í nóvember 2025 fyrir fjölskyldur og aðra aðila sem koma að hagsmunum barna í 5. – 10. bekk. Þar var kynnt sýn velferðarþjónustu Árborgar, farið yfir helstu áhrif og áskoranir í starfinu og fjallað um 8-vita æskunnar. Þá

hélt Theódór Francis Birgisson, klínískur félagsráðgjafi, fyrirlestur um tengsl foreldra og barna. Fundinum lauk með pallborðsumræðum með fyrirlesurum og fulltrúum lögreglunnar á Suðurlandi. Samtalsfundurinn gekk vel og var vel sóttur.

Forvarnarverkefni

Á árunum 2023–2025 var unnið markvisst að forvarnarstarfi innan sveitarfélagsins Árborgar með það að markmiði að efla farsæld barna og ungmenna í samstarfi við foreldra, skóla, frístundastarf og aðra lykilaðila í samfélaginu. Áhersla var lögð á heildrænar forvarnir sem stuðla að jákvæðum samskiptum, félags- og tilfinningafærni og fyrirbyggja áhættuhegðun, ofbeldi og óheilbrigði samskiptamynstur.

Forvarnardagskrá er gefin út árlega með það að markmiði að tryggja börnum og ungmennum í Árborg öflugt og samræmt forvarnarstarf. Í dagskránni er áhersla lögð á að fyrirbyggja þróun óheilbrigðra samskipta, áhættuhegðunar og ofbeldis. Það er meðal annars gert með fræðslu um hegðunar-, félags- og tilfinningafærni, jákvæð samskipti, kynfræðslu, hinsegin fræðslu og réttindi hvers og eins.

Einnig er Frístundamessa haldin árlega þar sem íbúum Árborgar er boðið að kynna sér fjölbreytt frístundastarf í sveitarfélaginu. Þar gefst íbúum tækifæri til að kynna sér fjölbreytt frístunda- og íþróttastarf í sveitarfélaginu, með það að markmiði að efla þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi.

Í tengslum við sumarið 2025 tók Sveitarfélagið Árborg þátt í forvarnarátakinu Verum klár í sumar. Markmið átaksins var að vekja samfélagið til vitundar um þær áskoranir sem fylgja sumarfríu skólanna, þar sem dagsskipulag barna breytist. Gefnir voru út forvarnarmolar til foreldra og forsjáraðila með áherslu á ábyrgð, öryggi og jákvæð samskipti yfir sumartímenn.

Fræðsla

Undanfarin ár hefur foreldrum barna í 1., 5. og 8. bekk grunnskóla í Árborg, sem eru að hefja nám á nýju stigi, verið boðið á fræðslukvöld í grunnskóla barna sinna. Á fræðslukvöldunum hafa fulltrúar frá fjölskyldusvið auk kennara úr teyllum árganganna frætt foreldra og tekið þátt í umræðu með þeim. Mikilvægt er að skapa vettvang til fræðslu og samtals um það sem helst ber að hafa í

huga á hverju lífskeiði fyrir sig. Fræðslukvöldin hafa heppnast vel og eru þau orðinn hluti af framsæknu skólastarfi í sveitarfélaginu Árborg.

Skólaárið 2024-2025 var boðið upp á uppeldisnámskeið í tveimur leikskólum og var það hluti af aðlögun barna sem voru að hefja leikskólagöngu. Markmið verkefnisins var að skapa vettvang fyrir fræðslu til foreldra við upphaf leikskólagöngu barnanna, efla tengsl á milli starfsmanna og foreldra auk þess að foreldrar fengju tækifæri til þess að fræðast saman. Notast var við námskeiðið Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar sem er sérstaklega þróað fyrir foreldra á Íslandi og stuðst við viðurkennd fræði og vel rannsakaðar aðferðir. Alls mættu foreldrar 50 – 60 % barnahópsins. Það er mat þeirra foreldra sem mættu á námskeiði að það hefði verið gagnlegt og fræðandi og staðist væntingar þeirra. Hluti leikskólakennara leikskólanna hafa leiðbeinendaréttindi námskeiðsins og síðast liðin ár hefur markvisst verið unnið að því að innleiða námsefnið til kennarahópsins. Ávinningurinn var mikill og haustið 2025 var námskeiðið fest í sessi og foreldrum allra barna sem hefja leikskóladvöl í leikskólum Árborgar boðið á námskeið.

Elja virkniráðgjöf

Elja virkniráðgjöf er þróunarverkefni á vegum Sveitarfélagsins Árborgar sem hófst árið 2024 með styrk frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Verkefnið er mótað sem einstaklingsmiðuð virkniráðgjöf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 16-29 ára sem standa utan skóla, atvinnu eða virks félagslegs stuðnings.

Elja er innblásin af hugmyndafræði „Outreach Youth Work“, sem hefur verið þróuð og notuð í Finnlandi um áratugaskeið og var lögfest þar árið 2011 sem hluti af opinberri þjónustu við ungt fólk. Verkefnið byggir jafnframt á þeirri reynslu sem hefur skapast innan velferðarþjónustu Árborgar, þar sem virkniráðgjöf hefur verið nýtt sem stuðningsform fyrir ungt fólk með fjölbreyttar þarfir.

Meginmarkmið Elju er að tryggja að öll ungmenni fái þann stuðning sem þau þurfa til að þroskast, verða sjálfstæð og finna sína leið í samfélaginu á eigin forsendum. Virkniráðgjöfin miðar að því að efla almenna vellíðan einstaklinga til þátttöku eftir tímabil vanvirkni. Hún byggir á valdeflingu, tengslamyndun og þverfaglegu samstarfi, þar sem þátttakendum er mætt þar sem þeir eru staddir í lífinu. Markmiðin eru einstaklingsbundin, fyrir suma felast þau í að hefja nám eða komast á vinnu- markað, á meðan aðrir þurfa stuðning við grunnþætti



daglegs lífs, svo sem svefn, næringu, rútinu og félagslega þátttöku. Verkefnið er jafnframt innlegg í framkvæmd farsældarlaga nr. 86/2021 og innleiðingu samræmdar þjónustu.

Elja virkniráðgjöf hefur á stuttum tíma fest sig í sessi sem mikilvægt úrræði fyrir ungt fólk sem stendur utan formlegra kerfa og hefðbundinna þjónustuleiða. Framtíðarsýn verkefnisins er að styrkja og þróa starfsemina í takt við þá reynslu og þekkingu sem safnast hefur á fyrsta starfsári. Haustið 2025 fékk verkefnið áframhaldandi styrk frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, sem skapar mikilvægan grundvöll fyrir áframhaldandi þróun Elju. Með þeim stuðningi er unnt að byggja markvisst ofan á þá reynslu sem þegar hefur skapast, efla samstarf við aðra þjónustuaðila og tryggja stöðugleika og gæði í þjónustu við ungt fólk.

Hinsegin vika Árborgar

Hinsegin vika Árborgar var haldin í fjórða sinn árið 2025 og hefur orðið mikilvægur vettvangur fyrir fræðslu og samtál. Undanfarin ár hefur þátttaka fyrirtækja og stofnana verið mikil og mátti víða sjá regnbogatákn á borð við kökur, blómvendi og fána, sem undirstrikuðu stuðning við fjölbreytileika og inngildinguna. Mikil eftirvænting ríkir fyrir vikunni ár hvert og fjölbreytt dagskrá fer fram hjá skólum sveitarfélagsins, frístundaheimilum, félagsmiðstöðinni Zelsíuz og öðrum stofnunum.

Á bókasafni Árborgar er lögð sérstök áhersla á fræðslu og sýnileika með veggspjöldum um hinsegin málefni, fjölbreyttu úrvali hinsegin bókmennta og dreifingu barmmerkja með hinsegin fánum. Allir nemendur í 1. bekk í sveitarfélaginu fá bókina Vertu þú, að gjöf. Bókin fjallar á aðgengilegan hátt um fjölbreytileika og sjálfsmynd og verkefnið hefur notið styrks útibúa bankanna í sveitarfélaginu. Í tilefni Hinsegin viku Árborgar 2024 færði forvarnarteymi Árborgar starfsfólki sveitarfélagsins regnbogabönd að gjöf. Með því að bera regnbogabandið allt árið er starfsfólk hvatt til að sýna í verki stuðning við fjölbreytileika og stuðla að auknu öryggi og sýnileika fyrir öll í samfélaginu.

Forvarnarteymi Árborgar hefur hvatt stofnanir, fyrirtæki og íbúa til þátttöku með það að markmiði að gera vikuna að sýnilega, fræðandi og jákvæða hátíð fyrir allt samfélagið. Hinsegin vika Árborgar er komin til að vera og hefur á skömmum tíma skapað mikilvægan vettvang fyrir samtal, fræðslu og samstöðu. Það verður spennandi að fylgjast með þróun hinsegin vikunnar á komandi árum og hvernig hún heldur áfram að efla skilning, virðingu og fjölbreytileika í sveitarfélaginu.

Exið

Exið er samstarfsverkefni skóla og félagsmiðstöðvar. Exið er kennsluáðferð þar sem unnið er með nemendur sem standa höllum fæti félagslega og gefa þeim tengingu við félagsmiðstöð. Hægt er að nota formið til þess að kenna hvað sem er sem kemur lífsleikni við. Markmiðið er að búa til umhverfi þar sem nemendur fá að þjálfa og þroska félagsfærni sína á hagnýtan máta. Kennsla fer fram í félagsmiðstöð með kennara, starfsmanni Zelsíuz og stuðningsfulltrúa. Exið hefur verið keyrt með fjölbreyttum nemendahópum með mismunandi þarfir. Bæði hefur verið unnið með það sem fastan lið í almennum bekk, sem tíma í töflu hjá sérdeild og sem námskeið fyrir sértæka hópa. Exið byrjaði sem samstarfsverkefni Setrisins í Sunnulækjarskóla og Zelsíuz vorið 2022 með tvo nemendahópa einu sinni í viku. Vorið 2024 tók Exið breytingum og færðist yfir í Vallaskóla með einum nemendahóp þrisvar í viku. Haustið 2024 voru síðan átta nemendahópar einu sinni í viku og Haustið 2025 eru sex hópar tvisvar sinnum í viku í sex vikur í senn.

Flexið

Félagsmiðstöðin og velferðarþjónusta Árborgar standa saman að verkefni sem heitir Flexið (áður sérstuðningur Zelsíuz). Velferðarþjónusta og skólaþjónusta vísa einstaklingum á aldrinum 10-16 ára í Flexið þar sem

viðkomandi er síðan parað saman við starfsmann í félagsmiðstöðinni. Starfsmaðurinn og einstaklingurinn hittast einu sinni í viku í nokkrar vikur. Hittingarnir eru skipulagðir út frá áhugasviði einstaklingsins og er markmiðið að virkja einstaklinginn og efla félagslega ásamt því að koma honum inn í annaðhvort sérhæft eða opið starf í félagsmiðstöðinni eða annað frístundastarf utan félagsmiðstöðvarinnar.

Markvisst hefur verið unnið að því að mynda hópastarf með einstaklingum sem hefur verið vísað inn í þjónustuna. Verkefnið hefur gengið gríðarlega vel síðustu ár og hlaut íslensku menntaverðlaunin fyrir framúrskarandi þróunarverkefni haustið 2023.

Alþjóðaverkefni/ Erasmus+

Alþjóðleg verkefni eru stór og mikilvægur hluti af starfi frístundaþjónustu. Ungmennahúsið Pakkhúsið er með Erasmus+ aðild sem gerir starfseminni kleift að fara í vettvangsferðir með starfsmannahópa og ungmennaskipti fyrir ungmenni 13-29 ára.

Ungmennaskipti eru stór hluti af starfsemi Pakkhússins og gefa ungmennum í Árborg tækifæri til að víkka sjóndeildarhring sinn, kynnast nýrri menningu og öðlast reynslu sem styrkir þau bæði félagslega og persónulega. Á síðustu þremur árum hefur Ungmennahúsið Pakkhúsið tekið þátt í yfir tíu ungmennaskiptum sem hafa verið haldin víðs vegar um Evrópu en einnig ungmennahúsið hýst fjölda verkefna hér á landi. Félagsmiðstöðin Zelsíuz og Ungmennaráð Árborgar hafa einnig verið að taka þátt í ungmennaskiptum, bæði hérlendis og erlendis.

Fjölbreyttur hópur starfsfólks hefur tekið þátt í vettvangsferðum erlendis í gegnum Erasmus+ aðildina. Stjórnendur frístundaþjónustu fóru til Helsinki haustið 2023 og Eistlands haustið 2024, starfsfólk félagsmiðstöðvar og frístundaklúbbba fór til Stokkhólms vorið 2024. Síðan fór þverfaglegur hópur sem samanstóð af fulltrúum frá frístundaþjónustu, velferðarþjónustu, skólaþjónustu, tveim grunnskólum og lögreglu til Malmö vorið 2025. Fjöldi verkefna og breytingar á starfsemi hefur komið frá þessum vettvangsferðum t.d. Elja virkniráðgjöf, 8-vita æskunnar o.fl. Vettvangsferðirnar erlendis eru að veita starfsfólki innblástur ásamt því að veita staðfestingu á því sem vel er gert. Fjölskyldusvið og sérstaklega frístundaþjónusta Árborgar hefur tekið á móti fjölda starfsmanna- og eða nemendahópum í kynningar frá m.w. Þýskalandi, Eistlandi, Finnlandi og Svíþjóð.

Sjálfbóðaliðar

Seinustu þrjú ár hefur frístundapjónusta Árborgar tekið á móti sjálfbóðaliðum í gegnum verkefnið European Solidarity Corps á vegum Evrópusambandsins. Verkefnið er fyrir ungt fólk á aldrinum 18-30 ára og veitir þeim tækifæri til að taka þátt í samfélagslegum verkefnum um alla Evrópu. Sjálfbóðaliðarnir hafa verið frá Lettlandi, Þýskalandi, Írlandi, Danmörku og Póllandi og hafa þeir komið með ferskan innblástur í starf frístundaheimilanna með margvíslegum verkefnum. Þau hafa meðal annars staðið fyrir leiksýningu, myndbandagerð, sirkussýningum, smásagna- og bókagerð, gróðurhúsa-verkefni, þrjónaklúbbi, sokkabruðugerð o.fl. þar sem þau vinna með börnunum. Þau hafa jafnframt stutt við daglegt starf með því að koma með nýja sýn, skapandi hugsun og hlýju í samskiptum við börn og ungmenni. Sjálfbóðaliðarnir hafa sterka löngun til að skilja eitthvað eftir sig sem hefur sýnileg áhrif á andrúmsloft og sköpun innan starfsins.

Sjálfbóðaliðar European Solidarity Corps (ESC) hafa orðið órjúfanlegur hluti af frístundastarfi Árborgar og lagt sitt af mörkum á fjölbreyttan og skapandi hátt. Frá haustinu 2023 hafa samtals ellefu sjálfbóðaliðar frá mismunandi Evrópulöndum tekið þátt í starfi sveitarfélagsins og unnið með börnum og ungmennum á frístundaheimilum, frístundaklúbbum, í félagsmiðstöðinni og í sérhæfðum verkefnum.

Ávinningurinn af þátttöku ESC-sjálfbóðaliðanna er margþættur. Þeir skapa aukakraft í starfi, efla virkni þátttakenda, hvetja til nýsköpunar og styrkja alþjóðlega tengingu bæði fyrir ungmenni og starfsfólk.

Fræðsludagar fjölskyldusviðs Árborgar 2023–2025

Fjölskyldusvið Árborgar hefur haldið árlega fræðsludaga við upphaf hvers skólaárs með það markmið að efla faglegt starf, styrkja samstarf þvert á þjónustukerfi og skapa sameiginlegan vettvang fyrir fræðslu, umræðu og þróun. Þverfaglegur hópur úr starfseiningum þvert á sviðið hefur séð um skipulagningu fræðsludagana. Áhersla var lögð á að nýta öflugan innri mannauð sveitarfélagsins, bjóða upp á fjölbreyttar vinnustofur og fræðsluerindi og tengja dagskrána við stefnumótun og helstu verkefni sviðsins. Þátttaka jókst milli ára og var um 550 starfsmenn árið 2023, um 600 árið 2024 og hátt í 700 árið 2025. Starfsfólk leik- og grunnskóla, frístundapjónustu, skólapjónustu og velferðarþjónustu koma saman á fræðsludögunum.

Fræðsludagurinn árið 2023 bar heitið „Lítum okkur nær“. Fræðsludagurinn var byggður upp af fræðsluerindum og vinnustofum sem starfsfólk gat valið eftir áhuga til að dýpka þekkingu sína. Farið var yfir áherslur fjölskyldusviðs og vinnustaðamenningu/EKKO-stefnu, auk þess sem fjallað var um farsæld barna og stöðu Árborgar sem frumkvöðlasveitarfélags í innleiðingu farsældarlaganna. Dagurinn endaði á fyrirlestri frá Sigríði Huldu Jónsdóttur um hvatningu og veganesti inn í veturinn. Almenn ánægja var með framkvæmdina, með skýra stefnu um að gera viðburðinn að árlegri hefð.

„Viska og velferð í Árborg“ var yfirheiti fræðsludagsins 2024. Kynntar voru áherslur fjölskyldusviðs fyrir skólaárið 2024–2025 og jafnframt ný útgáfa menntastefnu Árborgar til 2030 og innleiðing hennar, auk mannauðs-stefnu sveitarfélagsins. Einnig var fjallað um öryggis- og forvarnamál (m.a. verkefnið Öruggara Suðurland og forvarnarstarf lögreglu) og veitt fræðsla um hinseginleika. Dagskráin var að stórum hluta byggð á erindum frá starfsfólki sveitarfélagsins og loka fyrirlestur dagsins var frá Önnu Steinsen frá Kvan sem fjallaði um jákvæð samskipti á milli kynslóða.

Árið 2025 var þriðja árið sem fjölskyldusvið hélt fræðsludag og í nafni “Í krafti okkar allra”. Fræðsludagurinn var sá fjölmennasti til þessa. Kynnt var verkefnið 8-viti æskunnar sem miðar að auknum sýnileika farsældar barna í Árborg, og lögð áhersla á sameiginlega ábyrgð og samvinnu stofnana. Þá var kynnt læsisstefna Árborgar til 2030, Læsi til lífs og leiks, sem unnin var af þverfaglegum hópi undir stjórn Margrétar Bjarkar Brynhildardóttur, ásamt nýrri vefsíðu og verkfærakistu til að styðja innleiðingu stefnunnar. Dagskráin var fjölbreytt með fræðslu um gervigreind í skólastarfi, kynningu á hlutverki EKKO-teymis og umfangsmiklu málstofu- og vinnustofuframboði (alls 28 stuttar vinnustofur og 9 lengri málstofur). Deginum lauk með eftirminnilegum fyrirlestri um streitu og kulnun frá Kristínu Þóru Haraldsdóttur leikkonu, sem vakti fólk til umhugsunar.

Fjölmennning

Sveitarfélagið Árborg er fjölmenningarlegt samfélag þar sem búa yfir 1250 einstaklingar með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins eru töluð yfir 40 tungumál enda eru um 19% nemenda með fjölmenningarlegan bakgrunn. Mikil áhersla er lögð á markvissa kennslu í íslensku sem öðru máli og hafa stærstu skólarnir t.d. ráðið verkefnastjóra í hlutastarf til að sinna þessum málaflokki. Kennsluráðgjafi í fjölmenningu á vegum skólapjónustu veitir ráðgjöf, fræðslu og stuðning til foreldra og starfsfólk skóla varðandi fjölmenningarlega kennsluhætti

og styður við fyrirlögn stöðumats í grunnskólum og hæfniramma í leikskólum. Frá árinu 2015 hefur verið starfrækt þverfaglegt fjölmenningsarteymi í sveitarfélaginu. Hlutverk teymisins er m.a. að vinna að áætlanagerð og stefnumótun. Teymið hefur m.a. gefið út handbók um fjölmenningslega menntun sem reglulega er uppfærð, skipulagt námskeið og fræðslu fyrir starfsfólk fjölskyldusviðs og haldið utan um ýmsar tölulegar upplýsingar varðandi málaflokkinn. ■



Viðurkenningar og verðlaun 2023–2025

Á árinu 2023 hlaut samstarfsverkefni félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz og velferðarþjónustu Árborgar Íslensku menntaverðlaunin 2023 í flokknum framúrskarandi þróunarverkefni. Viðurkenningin undirstrikaði mikilvægi þverfaglegar samvinnu og snemmtækrar íhlutunar til að rjúfa félagslega einangrun barna og unglinga og styðja þau til virkari þátttöku í félagsstarfi. Þetta var jafnframt í fyrsta sinn sem menntaverðlaunin komu í hlut félagsmiðstöðvar.

Á sama ári, 16. nóvember 2023, á degi íslenskrar tungu, var félag kennara sem kenna íslensku sem annað mál, Ísbrú, boðið til athafnar á Bessastöðum þar sem formaður félagsins tók við þakkarskjali frá forseta Íslands fyrir mikilvægt framlag í þágu nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Árborg átti þar fulltrúa, þar sem Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi og sérfræðingur í fjölmenningu hjá skólalþjónustu Árborgar, var meðal gesta forseta.

Í lok árs, 30. desember 2023, hlaut félagsmiðstöðin Zelsíuz einnig hvatningarverðlaun við val á íþróttamanneskju ársins, fyrir það öfluga og eftirtektarverða starf sem þar er unnið, og sem jafnframt hefur vakið athygli víða. Á árunum 2024 og 2025 var áfram byggt á þessum grunni og unnið að því að viðhalda og styrkja starf og samstarfsleiðir sem hafa skilað áþreifanlegum árangri í félagslegri þátttöku og stuðningi við börn og unglinga.

Menntaverðlaun Suðurlands voru afhent í febrúar 2025 við hátíðlega athöfn í hátíðarsal FSu. Fjölskyldusvið sveitarfélagsins Árborgar hlaut að þessu sinni verðlaunin fyrir námskeiðið Eflum tengsl heimila og skóla, hagnýtt íslenskunámskeið fyrir foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Á síðustu árum hafa verið haldin námskeið bæði fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna við mikla ánægju foreldra. Það eru þær Aneta Figlarska og Anna Katarzyna frá fjölskyldusviði og Anna Linda Sigurðardóttir verkefnastjóri fjölmenningardeildar Vallaskóla sem hafa borið veg og vanda að þessu námskeiði undanfarin ár. Stefnt er að nýju námskeið á árinu 2026 í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands.

Íslensku menntaverðlaunin eru veitt árlega fyrir framúrskarandi skólustarf eða aðrar umbætur í menntamálum. Veitt eru verðlaun í fjórum flokkum; framúrskarandi skólustarf eða menntaumbætur, framúrskarandi kennsla, þróunarverkefni og iðn- eða verkmenntun. Árið

2025 fékk þróunarverkefnið Gullin í grenndinni tilnefningu en það er samstarfsverkefni leikskólans Álfheima og Vallaskóla um nám úti í náttúrunni. Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun og er nú fastur liður í starfi beggja skólanna. Öllum sem hljóta tilnefningar eru boðið til hátíðlegrar athafnar á Bessastöðum í nóvemberbyrjun og þar áttu Álfheimar og Vallaskóli sína fulltrúa. Íslensku menntaverðlaunin eru mikilvæg hvatning fyrir aðila skólasamfélagsins til góðra verka.

Heimsóknir ráðherra

Í nóvember 2023 fékk Sveitarfélagið Árborg heimsókn þáverandi mennta- og barnamálaráðherra þegar Ásmundur Einar Daðason kom til sveitarfélagsins og kynnti sér skólustarf og uppbyggingu innviða. Hann heimsótti Stekkjaskóla, fór um húsnæði skólans og kynnti sér innra starf, en Stekkjaskóli hóf starfsemi haustið 2021 og skólahúsnæðið var tekið í notkun í mars 2023. Í heimsókninni fengu ráðherra og starfsfólk ráðuneytisins leiðsögn frá skólastjórnendum og nemendur tóku virkan þátt með því að kynna námsefni vetrarins. Í framhaldi af skólakynningunni átti ráðherra fund með bæjarstjóra og stjórnendum á fjölskyldusviði þar sem hann fékk m.a. kynningu á þróunarverkefni um uppbyggingu verkefnis fyrir ungt fólk í Árborg, auk þess sem fjallað var um kennsluhætti Stekkjaskóla sem byggja á teymiskennslu og þróunarverkefnið Stekkur til framtíðar sem miðar að því að byggja upp lærdómssamfélag í nýjum grunnskóla.

Í byrjun árs 2025 heimsótti Ásthildur Lóa Þórsdóttir, þáverandi mennta- og barnamálaráðherra, Árborg til að kynna sér skóla- og frístundastarf á svæðinu og framtíðarsýn sem miðar að aukinni velferð barna og ungmenna. Ráðherra fór í félagsmiðstöðina Zelsíuz þar sem meðal annarra tóku Bragi Bjarnason bæjarstjóri og stjórnendur fjölskyldusviðs á móti ráðherra. Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar var kynnt og jafnframt fjallað um forvarnar- og þróunarverkefnið Elju, sem nýtur styrks frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, auk umræðu um tækifæri sem felast í öflugu frístundastarfi. Að lokum heimsótti ráðherra leikskólann Jötunheima þar sem kynnt var faglegt starf leikskólans og staða leikskólamála í Árborg.

Ritstjórn:

Arndís Tómasdóttir

Heiða Ösp Kristjánsdóttir

Umbrot og hönnun:

Elín María Halldórsdóttir

Myndskreytingar:

Dóra Haraldsdóttir

Prentun:

Samskipti



Sveitarfélagið
ÁRBORG